


**SVEINN GUÐMUNDSSON**

*Fetaði í fótspor Gustavs Vasa Svíakonungs*

• heilsa • tíska

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



**YESMINE OLSSON**

*Býr til hollan og framandi skyndibita*

Saffran er nýr veitingastaður

FÓLK 18



**LINDA ÁSGEIRSDÓTTIR LEIKKONA**

*Datt illa á andlitið föstudaginn 13.*

FÓLK 26

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. mars 2009 — 66. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## ÞRIÐJUDAGUR



### Andlegt fóður

Fjörutíu ár eru nú liðin frá því samtök um Listahátíð í Reykjavík voru stofnuð.

TÍMAMÓT 14

### Tónleikar á Listahátíð

Hljómsveitin Tiger Lillies kemur til landsins í lok maí.

FÓLK 21



### Fyrirsætur í hættu?

Fyrirsætu-vélmenni hefur verið kynnt til sögunnar í Tókýó.

ALLT 2

### Grindavík í undanúrslitin



Grindavík varð í gær fyrst liða til að tryggja sér sæti í undanúrslitum úrslitakeppninnar.

ÍÞRÓTTIR 22

### VEÐRIÐ Í DAG




**ÚKOMULOFT** Í dag verður yfirleitt fremur hæg suðlæg átt. Snjókoma eða slydda norðan til í fyrstu en síðar rigning. Rigning eða skúrir syðra til hádegis. Yfirleitt þurrt á landinu eftir hádegi. Hlýnandi.

VEÐUR 4

# Segir stolin trúnaðargögn frá Kaupþingi notuð til hótana

**Sigurður Einarsson segir að trúnaðargögn úr Kaupþingi séu notuð til að hóta fólki og hræða. Í bréfi til FME segir hann að rannsaka verði lekann og ýjar að því að hann sé runninn undan rifjum Davíðs Oddssonar.**

**VIÐSKIPTI** Sigurður Einarsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, hefur sent Ragnari Hafliðasyni, settum forstjóra Fjármálaeftirlitsins (FME), bréf og spurt hvað hann hyggist gera vegna trúnaðargagna úr Kaupþingi sem Sigurður telur að hafi verið stolið og notuð til fréttaflutnings í Morgunblaðinu.

Sú umfjöllun sem Sigurður vísar til í Morgunblaðinu varðar meint lán til eigenda Kaupþings og annarra tengdra aðila upp á um 500 milljarða króna. Voru þar nefndir Ólafur Ólafsson í Samskipum, bræðurnir Ágúst og Lýður Guðmundssynir og kaupsýslumaðurinn Robert Tchenguiz.

„Hér er augljóslega um gróft brot á bankaleynd að ræða gagnvart þeim einstaklingum og félögum sem um ræðir,“ segir í bréfinu sem Sigurður sendi 10. mars.

Sigurður Valgeirsson, upplýsingafulltrúi FME, segist ekki geta tjáð sig um bréf frá einstökum aðilum, en segir þó að vitanlega sé brugðist við öllum erindum.

Í bréfinu segir Sigurður að sér hafi borist til eyrna alvarlegar ásakanir um að trúnaðargögn úr Kaupþingi hafi verið tekin ófrjálsri hendi úr bankanum eða FME og gögnunum síðan „beitt af óprúttnum aðilum til að hóta fólki eða hræða það“.

Þá segist Sigurður vilja vekja athygli forstjóra Fjármálaeftirlitsins á því að nú þegar hafi „verið lekið út upplýsingum um þrjá nafngreinda einstaklinga sem hafa haft sig í frammi í opinberri umræðu og til dæmis gagnrýnt Seðlabanka Íslands eða aðdraganda bankahrunsins“. Þeir hafi auk þess allir lýst skoðunum sem séu hallar undir aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Í samtali við Fréttablaðið segist Sigurður þarna eiga við Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformann Samfylkingarinnar, Björn Inga Hrafnsson blaðamann og Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, varaformann Sjálfstæðisflokksins, og eiginmann hennar, Kristján Arason sem starfaði hjá Kaupþingi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er með bréfinu verið að vísa til þess að Davíð Oddsson, fyrrverandi Seðlabankastjóri, eigi sök á lekanum. Það vill Sigurður ekki staðfesta. Það sé hvers og eins að túlka orð hans í bréfinu.

„Ég tel því nauðsynlegt að rannsaka þennan leka á upplýsingum enda kann hér að vera um refsiverðar hótanir að ræða og beina ógnun við opna og lýðræðislega þjóðfélagsskipan auk brota á þagnarskyldu,“ segir í bréfi Sigurðar.

„Hvernig hyggst Fjármálaeftirlitið bregðast við þessum brotum og koma í veg fyrir að þetta endurtaki sig?“ spyr Sigurður og endar með því að segja að trúnaður um persónuleg fjármál fólks sé grunnforsenda þess að hægt sé að hafa fjármálakerfi á Íslandi.

- gar / - sh



**VEL VARÐIR** Þessir japönsku ferðamenn sem í gær virtu fyrir sér styttunna af Jóni Sigurðssyni á Austurvelli voru vel búnir í snjómuggunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Samfélag á fjóra milljarða:

## Breskt þorp til sölu í heilu lagi

**BRETLAND Heilt breskt þorp, Linkenholt að nafni, með 22 húsum, tveimur járnsmiðjum og krikketvelli, verður sett á sölu síðar í þessari viku. Uppsett verð er 3,5 til 4 milljarðar. Búist er við að íbúarnir, tæplega 60 talsins, verði um kyrrt í leiguhúsnæði sínu.**

**Innifalið í verðinu er auk þess herragarður fyrir eigandann, klukkuturn, prestssetur, 1.500 ekrur af ræktarlandi og um 450 ekrur skóglendis. Það eina sem ekki fylgir í kaupunum er kirkja Sankti Péturs frá 12. öld.**

**Þorpið er nú í eigu góðgerðarsjóðs Herberts Blagrave nokkurs, sem var kappreiðaknapi og mikill mannvinur. Hann ánafnaði öldruðum, veikum börnum og meiddum knöpum auð sinn, sem enn er að mestu bundinn í þorpinu. Því stendur nú loks til að breyta.** - sh

Stjórn Byrs óskar eftir að heimild í neyðarlögum til bjargar sparisjóðum verði nýtt:

## Vilja ellefu milljarða úr ríkissjóði

**VIÐSKIPTI** Byr sparisjóður mun síðar í vikunni óska eftir tæplega ellefu milljarða króna framlagi úr ríkissjóði í kjölfar 29 milljarða króna taps á síðasta ári.

Samkvæmt neyðarlögunum frá 6. október er fjármálaráðherra heimilt að leggja sparisjóðum til allt að tuttugu prósent af eigin fé þeirra miðað við uppgjör ársins 2007. Í tilviki Byrs er sú upphæð rúmir 10,6 milljarðar.

Stofnfjáreigendur Byrs greiddu sér 13,5 milljarða króna í arð í apríl í fyrra úr svokölluðum varasjóði. Hagnaður ársins áður hafði þá numið tæpum átta milljörðum.

Stjórn Sparisjóðs Keflavíkur hefur einnig ákveðið að óska eftir því að heimildin í neyðarlögunum verði nýtt og að ríkissjóður leggi sparisjóðnum til nýtt eigið fé. Það myndi þá nema um fimm milljörðum króna.

- kh / - sh









## SPURNING DAGSINS



*Guðni, stólið þið á söfnunina til að geta fermt?*

„Já, þetta er mál sem ekki er hægt að stinga undir stól.“

Um 160 stóla vantar í Lindakirkju svo að hægt verði að ferma þar með góðu móti í vor. Guðni Már Harðarson er sóknarprestur í Lindakirkju.

Ökumaður situr uppi með líkamstjón og sekt eftir glæfraakstur vörubílstjóra:

# Bílstjóri olli tjóni og stakk af

**SLYS** Ruben Fannar de Sousa fékk í síðasta mánuði hundrað þúsund króna sekt frá Bílaleigunni Bergi fyrir tjón sem hann vann á bílaleigubíl þeirra þegar vörubílstjóri sinnti ekki stöðvunarskyldu og ók í veg fyrir hann á Garðsvegi í október síðastliðnum. Ruben Fannar varð að aka út af veginum til að lenda ekki á vörubílnum en vörubílstjórinn hélt sína leið og hefur enn ekki fundist að sögn lögreglunnar á Suðurnesjum.

„Ég hafði nokkru áður farið í uppskurð vegna brjóskloss og var orðinn nokkuð góður en eftir slysið versnaði þetta og þarf ég nú sprautu við þessi í hverjum mánuði,“ segir Ruben Fannar. Þrátt fyrir að honum þyki sárt að sitja uppi með sekt fyrir líkamstjón fagnar hann því að vera lífs. „Ég ók á 80 kílómetra hraða og vörubílstjórinn kemur upp Helgavíkurafleggjarann. Hann stoppar smá stund en ekur svo í veg fyrir mig, ég ætlaði ekki að trúa mínum eigin augum. Sem betur fer náði ég að beygja útaf veginum því hefði ég lent á bílnum þá væri ég ekki til frásagnar.“

Vitni voru að slysinu og reyndi eitt þeirra að finna vörubílstjórann en án árangurs. „Það er útilokað annað en hann hafi séð mig fara útaf,“ segir Ruben Fannar. „Hann þarf ekkert að óttast komi hann fram, við búum í réttlátu ríki.“ - jse



**RUBEN FANNAR DE SOUSA** Hann segist ekki myndi vera til frásagnar nú hefði hann ekki náð að beygja frá vörubílnum sem ekið var í veg fyrir hann á Garðsvegi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Skilanefnd Glitnis:

## Samkomulag við Moderna

**BANKAR** Skilanefnd Glitnis hefur með samkomulagi við Milestone ehf. gengið að veðum í öllu hlutafé í Moderna Finance AB dótturfélagi Milestone ehf. í Svíþjóð. Með þessu færast yfirráð yfir íslenskum dótturfélögum Moderna Finance, Sjóvá, Askar Capital og Avant, til skilanefndar Glitnis.

Áfram er unnið að endurskipulagningu félaganna til að tryggja rekstur þeirra til frambúðar. Samningurinn mun ekki hafa áhrif á daglegan rekstur íslensku félaganna, segir í tilkynningu frá skilanefndinni. - shá



**EIN KRÓNA** Erlendir fjárfestar fá greiddan stærstan hluta af fimm milljarða króna vaxtagreiðslu ríkisbréfa í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gjalddagi felldi krónuna:

## Ekki lægri síðan í febrúar

**VIÐSKIPTI** Gengi krónunnar féll um tæp 2,5 prósent í gær og endaði gengisvísitalan í 196,7 stigum. Hún hefur ekki verið veikari síðan í byrjun febrúar.

Gengið hafði styrkst frá því seint í febrúar og fram á fimmtudag í síðustu viku. Krónan hafði þá ekki verið sterkari síðan í lok september eða um svipað leyti og ríkið keypti 75 prósenta hlut í Glitni (nú Íslandsbanka).

Helsta skýringin er vaxtagreiðsla á ríkisbréfum upp á fimm milljarða króna sem að mestu fellur í skaut erlendra fjárfesta í dag. Verðmæti ríkisbréfanna er sjötíu milljarðar króna, að sögn Jóns Bjarka Bentssonar, sérfræðings hjá Íslandsbanka. - jab

Nýtt bankaráð Seðlabanka:

## Tvær konur af sjö fulltrúum

**ALÞINGI Kjörið var í nýtt bankaráð Seðlabanka Íslands á Alþingi í gær. Aðalmenn fyrir hönd meirihluta eru Lára V. Júlíusdóttir, Ágúst Einarsson, Ragnar Arnalds og Jónas Hallgrímsson. Fyrir hönd minnihluta sitja í bankaráðinu Ragnar Árnason, Katrín Olga Jóhannesdóttir og Friðrik Már Baldursson.**

**Einugis tvær konur eru því aðalmenn í ráðinu af sjö fulltrúum. Sem varamenn eru konur fimm af sjö fulltrúum en karlmenn tveir.** - ss

# Þingmenn greini frá hagsmunatengslum

**Reglur um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum þingmanna voru samþykktar í forsætisnefnd í gær. Þingmenn geta skorast undan og þurfa ekki að greina frá skuldum. Sjálfstæðismenn segjast ekki hafa verið á móti skylduskráningu.**

**STJÓRNMÁL** Reglur um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum þingmanna og störfum þeirra utan þings voru samþykktar í forsætisnefnd Alþingis í gær.

Skrifstofa Alþingis skal halda skrá yfir upplýsingar frá þingmönnum, svo sem um störf utan þings, stóra eignarhluti í félögum, stuðning frá félagasamtökum, ferðalög sem eru greidd af öðrum, og gjafir sem þeir þiggja að verðmæti 50.000 krónur eða meira. Ekki þarf að greina frá fjárhag maka.

Reglurnar eru að danskri fyrirmynd og eru í raun valkvæðar, því forsætisnefnd getur ekki refsað þeim sem skorast undan.

„Forsætisnefnd ætlast til að menn fylli þetta út en við höfum engin úrræði til að fylgja því eftir ef menn neita. En þetta er ekki valkvætt í þeim skilningi að við beinum þeim kláru tilmælum til allra þingmanna að þeir gefi þetta upp,“ segir Guðbjartur Hannesson, forseti Alþingis. Hann eigi ekki von á að neinn skorist undan.

Reglurnar á að endurskoða fyrir 1. desember, með það í huga að gera úr þeim lög.

Hugmyndir höfðu verið uppi um að þingmenn ættu einnig að greina frá skuldum sínum, meðal annars innan Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks, en Guðbjartur segir að engin sérstök umræða hafi verið um þetta frá því að hann tók við sem forseti Alþingis. Hins vegar skulu þingmenn greina frá eftirgjöf skulda og ívilnandi skilmálabreytingum. Greina skal frá skuldasamningi, sé hann með hagstæðari skilmálum en tíðkast. Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokks, segir þingflokk sinn alls ekki hafa verið á móti því að þingmenn yrðu skyldaðir til að hlíta þessum reglum, eins og kom fram í blaðinu í gær. „Það er alrangt,“ segir hún. Ummæli sín um að þeir sem gefi kost á sér hljóti að geta valið um það með hvaða hætti þeir sýni sín fjármál, hafi verið misskilin.

Í umsögn sjálfstæðismanna við drögin stendur: „Eðlilegt er að reglur sem þessar séu valfrjálsar þannig að þeir sem þess óska geti staðið utan þeirra.“ Í umsögn annarra flokka var mælst til að reglurnar yrðu að skyldu, eða lögum. Samkvæmt heimildum úr Sjálfstæðisflokki er ekki útilokað að hann styðji lögbindingu.

Upplýsingar þessar skal skrá innan mánaðar eftir að nýtt þing kemur saman og gera þær svo aðgengilegar almenningi tuttugu dögum síðar. klemens@frettabladid.is



**FRÁ FUNDI FORSÆTISNEFNDAR Í GÆR** Almenningur mun, um fimmtíu dögum eftir kosningar, geta nálgast upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni þingmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> „Forsætisnefnd ætlast til að menn fylli þetta út en við höfum engin úrræði til að fylgja því eftir ef menn neita
>
> **GUÐBJARTUR HANNNESSON**
> FORSETI ALÞINGIS

Lýðheilsa í Bretlandi:

## Landlæknir vill dýrara áfengi

**BRETLAND, AP „Ódýrt áfengi er að drepa okkur sem aldrei fyrr.“ Þetta segir Liam Donaldson, landlæknir Bretlands, í ársskýrslu sinni um lýðheilsu í landinu. Hann leggur því til að yfirvöld grípi til ráðstafana til að takmarka aðgengi að ódýru áfengi, sérstaklega ungs fólks.**

**Donaldson segir að síðan árið 1970 hafi áfengisneysla dregist saman í flestum Evrópulöndum, en í Bretlandi hafi hún aukist um 40 prósent á sama tímabili, þar sem bjór, vín og sterkt áfengi hefur haldist ódýrt og er auðaðgengilegt í hverri matvöruverslun. Donaldson segir ofdrykkju ungmenna sérstakt þjóðarmein, sem verði að ráðast gegn.** - aa

Súdanforseti í hefndarhug:

## Vill öll hjálparsamtök úr landi

**SÚDAN, AP** Omar al-Bashir, forseti Súdans, sagðist í gær áforma að banna starfsemi allra alþjóðlegra hjálparsamtaka í landinu innan árs. Eftirleiðis muni innlendir aðilar einir sjá um að dreifa hjálpargögnum sem bærust erlendis frá.

Forsetinn er nú þegar búinn að reka þrettán umsvifamiklar hjálparstofnanir úr landi, en flestar þeirra hafa verið að störfum í Darfúr-héraði. Sakaði Bashir stofnanirnar um að útsendarar þeirra stunduðu njósnir fyrir alþjóðlegan dómstól sem gefið hefur út handtökuskipun á hendur honum fyrir að bera ábyrgð á glæpum gegn mannkyni í Darfúr. - aa



**OMAR AL-BASHIR**


**SKATTAAÐSTOÐ**
**LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTU LÖGRÉTTU 2009**

Lögfræðiþjónusta Lögréttu, félags laganema við Háskólann í Reykjavík, með aðstoð Deloitte, veitir einstaklingum endurgjaldslausa ráðgjöf við gerð skattframtala fyrir skattskil 2009.

Ráðgjöfin verður veitt laugardaginn 21. mars nk. frá kl. 9.00 – 21.00 í húsnæði Háskólans í Reykjavík, Ofanleiti 2, 103 Reykjavík og eru allir velkomnir.

**Hvað þarf að hafa meðferðis?**

- Launamiða síðasta árs
- Lykilorð og auðkennislykil til að komast í heimabanka
- Veflykil inn á www.rsk.is
- Gögn ef kaup og/eða sala á fasteign hafa átt sér stað á sl. ári
- Gögn er varða kaup og/eða sölu og stöðu á verðbréfum í árslok

Deloitte. LÖGRÉTTA HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY


Söguleg úrslit forsetakosninga í El Salvador:

# Fyrrverandi vinstriskæruliðar til valda

**EL SALVADOR, AP** Vinstrisinnaður sjónvarpsfréttamaður vann forsetakosningar sem fram fóru í El Salvador á sunnudag. Þar með kemst flokkur fyrrverandi skæruliða í fyrsta sinn til valda í landinu frá því blóðugt borgarastríð var háð í landinu. Það stóð í tólf ár, kostaði um 75.000 manns lífið og lauk fyrir tveimur áratugum.

Mauricio Funes er hófsamur liðsmaður FMNL-hreyfingarinnar, sem hélt úti skæruhernaði á sínum tíma en var breytt í stjórnmálaflokk er borgarastríðinu lauk árið 1992. Hann er nýjasta dæmið um vinstrisveifluna sem gengið hefur yfir Mið- og Suður-Ameríku.

Þegar níu af hverjum tíu atkvæðum höfðu verið talin var Funes með 51 prósent atkvæða en mótherjinn, Rodrigo Avila, 49 prósent. Avila játaði ósigur á kosningavöku íhaldsflokksins Arena, með Tony Saca, fráfarandi forseta, sér við hlið, og óskaði Funes velfarnaðar.

Funes, sem á sínum tíma flutti fréttir af borgarastríðinu og varð síðar stjórnandi vinsæls viðtalsþáttar í sjónvarpi, hét því að sameina þjóðina á ný, en kosningabaráttan var einhver sú harðasta sem háð hefur verið í landinu.

„Þetta er ekki tími hefnda. Þetta er tími gagnkvæms pólitísks skilnings,“ sagði Funes í ávarpi á sigurhátíð stuðningsmanna sinna. „Tími hinna útilokuðu er kominn, nú er lag fyrir raunverulega lýðræðissinna, fyrir karla og konur sem trúa á félagslegt réttlæti og samstöðu,“ sagði hann. - aa

### UMSKIPTI Í EL SALVADOR

Vinstrimaðurinn Mauricio Funes bar sigur úr býtum í forsetakosningum í El Salvador. Þar með kemst flokkur fyrrverandi skæruliða í fyrsta sinn til valda í landinu frá því í borgarastríðinu á níunda áratugnum.




Úrslit þegar 90% atkvæða höfðu verið talin

Heimild: Yfirkjörstjórn
Myndir: AP, Getty
© GRAPHIC NEWS

vodafone

# Ert þú á milli starfa?

## Vodafone kemur til móts við þig

Fátt er mikilvægara fyrir fólk sem er á milli starfa en að viðhalda félagslegum tengslum. Örugg fjarskiptaþjónusta er nauðsynleg í slíkum tilvikum, ekki síst svo fólk geti nýtt sér margvíslega þjónustu sem veitt er á netinu eða í síma.

### Niðurfelling mánaðargjalda

Vodafone vill koma til móts við þá sem nú glíma við atvinnuleysi, bæði núverandi og nýja viðskiptavini, með því að fella niður í tvo mánuði mánaðargjald af ofurheimasímaþjónustu þeirra sem skráðir eru í Vodafone Gull. Þeir geta því hringt án endurgjalds úr heimasímanum í alla aðra heimasíma á Íslandi, án endurgjalds í GSM síma innanlands fyrir andvirði 6.000 kr. á mánuði og án endurgjalds til útlanda fyrir andvirði 6.000 kr. á mánuði.

Ef þú getur nýtt þér boðið viljum við bjóða þér að koma í næstu verslun Vodafone eða til umboðsmanns og ganga frá málinu. Til staðfestingar á stöðu þinni á vinnumarkaði óskum við eftir því, að launaseðli frá Vinnumálastofnun verði framvísað. Við heitum fullum trúnaði og góðri þjónustu.

Tilboð þetta gildir til 1. maí 2009
Allar nánari upplýsingar í þjónustuveri í síma 1414 og á vodafone.is

Baráttukveðja,
starfsfólk Vodafone

**Lifðu núna**

## GENGIÐ 16.03.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 111,97 | 112,51 |
| Sterlingspund | 159,28 | 160,06 |
| Evra | 145,93 | 146,75 |
| Dönsk króna | 19,573 | 19,687 |
| Norsk króna | 16,571 | 16,669 |
| Sænsk króna | 13,286 | 13,364 |
| Japanskt jen | 1,1376 | 1,1442 |
| SDR | 165,86 | 166,84 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

178,9059

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bjarni Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, um lánasafn bankanna:

# Greiðslur af þriðjungi lána öruggar

**ALÞINGI** Ekki er enn lokið vinnu við að meta eignir frá gömlu bönkunum yfir í nýju bankana. Þetta kom fram í máli Gylfa Magnússonar viðskiptaráðherra á þingi í gær. Við mat á eignum sé miðað við mat til langs tíma, en ekki söluverðmæti í þröngri stöðu. Gylfi sagðist mundu kynna verðmatið Alþingi um leið og það lægi fyrir.

Þetta var svar Gylfa við fyrirspurn Bjarna Benediktssonar sem sagðist hafa óljósar heimildir fyrir því að óvenjuhátt hlutfall af lánasafni bankanna séu útlán sem ekki muni innheimtast nema að hluta eða ekki að neinu leyti. Það séu ekki nema 30 prósent lána sem ekki þurfi að hafa áhyggjur af. Af þessu þyrfti að hafa áhyggjur, því ekki þyrfti nema 10 prósent frávik á mati á eignum nýju bankanna til að allt eigið fé þeirra myndi fuðra upp. „Við hljótum að leggja okkur fram við að lágmarka áhættuna, hvernig hyggst ráðherra tryggja í samningum við bankana og kröfuhafa að reynist eignir bankanna ekki eins miklar og gert er ráð fyrir, muni mismunurinn ekki lenda á skattborgurum þessa lands?“



BJARNI BENEDIKTSSON

Gylfi svaraði því til að útlit væri fyrir að ríkið þyrfti að leggja til talsvert minna eigið fé en gert var ráð fyrir í upphafi, en þá var talað um 385 milljarða. Ef kröfuhafar myndu eignast einhvern hlut af bönkunum gæti það jafnframt lækkað framlag ríkisins. Formlegar umræður um slíkt væru þó ekki hafnar. Þá hefði ríki ekki enn lagt bönkunum til hluta eiginfjár, en þeir hafi fengið nokkra fyrirgreiðslu í Seðlabankanum út á loforð ríkisins um að leggja þeim til eigið fé. **- ss**

Grænfriðungar:

# Berjast fyrir norsk kóralrif

**NOREGUR** Grænfriðungar ætla að berjast fyrir því að Norðmenn hlífi kóralrifjum á hafsbotninum og dragi úr togveiðum og olíuvinnslu á hafsbotninum þar sem kóralrifin eru, að sögn norska dagblaðsins Dagbladet.

Skip Grænfriðunga, Rainbow Warrior, er komið til Björgvinjar frá Amsterdam. Það heitir sama nafni og skip Grænfriðunga sem sökk við Nýja-Sjáland árið 1985. Skipið var þá notað til að mótmæla frönskum prufusprengingum.

Einn lést þegar skipinu var sökkt en tveir franskir njósnarar voru síðar dæmdir fyrir árásina. **- ghs**

Leikskóli í Reykjavík:

# Sló 5 ára barn og var sagt upp

**UPPELDISMÁL** Starfsmanni á leikskóla í Reykjavík var sagt upp störfum í gær fyrir að löðrunga fimm ára gamlan dreng í þrígang. Ragnhildur Erla Bjarnadóttir, sviðstjóri leikskólasviðs Reykjavíkurborgar, harmar atvikið og segir framkomu eins og þessa ekki verða liðna. Móðir drengsins fagnar málalyktum. Fréttastofa Stöðvar 2 sagði frá.



RAGNHILDUR ERLA BJARNADÓTTIR

Starfsmaðurinn var upphaflega áminntur fyrir framgöngu sína en leikskólastjórinn hafði ekki heimild til að segja starfsmanninum upp við fyrsta brot. Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, segir að þegar lög um réttindi starfsmanna og vernd barna stangist á, eigi hagsmunir barnsins að sitja í fyrirrúmi. **- shá**

# Saka lækni um hvarf sjúkraskráa á Dalvík

**Yfirlæknir á Heilsugæslustöðinni á Dalvík hafnar fullyrðingum fyrrverandi framkvæmdastjóra tölvufyrirtækis um að hann eigi þátt í hvarfi sjúkraskráa. Yfirlæknirinn segist ekki skilja hvers vegna ríkið lögsótti ekki tölvufyrirtækið.**

**ÖRYGGISMÁL** Rögnvaldur Guðmundsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri tölvufyrirtækisins Skríns, segir fyrirtækið ekki ábyrgt fyrir því að sjúkraskrár hurfu á Heilsugæslustöðinni á Dalvík.

„Yfirlæknirinn var sjálfur kerfisstjóri tölvukerfisins og sá sjálfur um daglegan rekstur og afritun kerfisins og netþjónninn var staðsettur í húsnæði stofnunarinnar,“ segir Rögnvaldur.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu á fimmtudag reyndust ekki vera til afrit sjúkraskráa frá tæplega eins árs tímabili úr tölvukerfi Heilsugæslustöðvarinnar á Dalvík á árunum 2003 og 2004. Í skýringum heilsugæslustöðvarinnar til landlæknis sagði að tæknimenn Anza, sem síðar varð Skrín, hafi sett upp netþjón kerfisins sem bilaði. Rögnvaldur kveður þetta rangt.

„Netþjónninn sem um ræðir var keyptur af EJS, sem sá jafnframt um uppsetningu á honum í upphafi og þar með uppröðun diska í honum,“ segir Rögnvaldur sem ítrekar að daglegur rekstur tölvukerfisins hafi ekki verið á ábyrgð Skríns. „Skrín var ekki rekstraraðili tölvukerfisins, heldur var Skrín með svokallaðan neteftirlitssamning sem innifelur að tæknimaður kemur í heimsókn einu sinni á ári og yfirfer tölvukerfi stofnunarinnar,“ segir hann.

Guðmundur Pálsson yfirlæknir segir rétt að netþjónninn hafi verið keyptur hjá EJS sem hafi sett í hann grunnstýrikerfi. Anza hafi hins vegar fyrirfram skilgreint hvernig netþjónninn ætti að vera og bætt við stýrikerfi. Síðar hafi komið á daginn að hörðu diskarnir voru rangt settir upp.

„Mér finnst að þeir hjá Anza hafi átt að átta sig á því að uppsetningin á hörðu diskunum var ekki eins og þeir höfðu beðið um. Það er að minnsta kosti gjörsamlega útilokað að vænta þess að ég, sem er yfirlæknirinn á staðnum, hefði átt að sjá það,“ segir Guðmundur sem þó játar að hafa verið kerfisstjóri – ef menn vilji kalla það svo. „Ég leysti oft ýmis vandamál sem komu upp í kerfinu í símasambandi við tæknimenn þessa fyrirtækis.“

Að sögn Guðmundar átti Anza að fara yfir tölvukerfi heilsugæslustöðvarinnar tvisvar á ári. Netþjónninn hafi aldrei gefið annað til kynna en að afritun gagnanna væri eðlileg. Hins vegar hafi aldrei verið athugað hvað raunverulega væri í þeim segulböndum sem átti að afrita á. Heilsugæslustöðin hafi nú óskað eftir staðfestingu EJS, sem núverandi þjónustuaðila kerfisins, að fylgst sé reglulega með því að afrit séu raunverulega tekin.

Guðmundur ítrekar að gríðarlegt fjárhagslegt tjón hafi hlotist af biluninni auk annarra óþæginda. „Ég skildi það aldrei af hverju heilbrigðisráðuneytið fór ekki í mál við þessi fyrirtæki til þess að reyna að endurheimta þessa peninga.“

**gar@frettabladid.is**

**FRÉTTABLAÐIÐ** Sagt var frá því í Fréttablaðinu á fimmtudaginn í síðustu viku að uppgötvast hafi við tölvubilun á árinu 2005 að engin afrit voru til af sjúkraskrám Heilsugæslustöðvarinnar á Dalvík fyrir um tíu mánaða tímabil.



DALVÍK Tölvubúnaður var ekki rétt upp settur á Heilsugæslustöðinni á Dalvík og því glötuðust sjúkraskrár fyrir tíu mánaða tímabil.

# Glötuðu sjúkraskrám heilsugæslu á Dalvík

**Allar sjúkraskrár á Heilsugæslustöðinni á Dalvík á tíu mánaða tímabili glötuðust í tölvukerfi. Engan árangur bar að senda búnaðinn til tölvusérfræðinga í tveimur löndum. Öryggi sjúklinga stefnt í hættu og gríðarlegt fjárhagslegt tap.**

**ÖRYGGISMÁL** Nú er ljóst að allar sjúkraskrár á Heilsugæslunni á Dalvík á tímabilinu júní 2003 til apríl 2004 eru glataðar vegna galla í tölvubúnaði.

„Tapið var gífurlegt og olli mikilli aukavinnu lækna og læknaritara. Auk þess er ávallt hætta á því að gagnatap af þessu tagi stofni öryggi sjúklinga í hættu,“ segir í bréfi sem Heilsugæslan á Dalvík sendi Landlæknisembættinu og síðar Persónuvernd vegna málsins. Persónuvernd hafði fengið kvörtun frá sjúklingi sem taldi sig hafa orðið fyrir tjóni vegna þess að sjúkraskrár hans frá þessum tíma fundust ekki og því ekki hægt að færa fram fullnægjandi sönnun um tiltekin atvik sem tengdust sjúkrasögu hans.

Samkvæmt skýringum Heilsugæslunnar á Dalvík var tölvukerfi stofnunarinnar uppfært árið 2003 með þjónustusamningi við fyrirtækið Anza og síðar Skrín ehf. Setja hafi átt upp netþjón með fjórum hörðum diskum sem ynnu í tveimur pörum þar sem allar upplýsingar yrðu skráðar í bæði pörin. Í mars 2006 hafi komi upp bilun í búnaðinum. Í ljós hafi komið að hann hafi ekki verið settur rétt upp og segulbandsspólur væru auðar.

„Samkvæmt ráðleggingum frá Theriak (sem selur og þjónustar sjúkraskrárkerfið) voru hörðu diskarnir sendir til Bretlands í von um að nálgast mætti gögn af þeim. Þetta tókst ekki og þá voru þeir sendir áfram í nánari greiningu í Póllandi. Þar tókst ekki heldur að endurvekja gögnin. Á þessum tímapunkti var ljóst að tapast höfðu öll gögn úr sjúkraskrárkerfi heilsugæslustöðvarinnar frá því í júní 2003 og þar til í apríl 2004 og engin leið að endurvekja þau,“ segir í útskýringum heilsugæslunnar.

Eftir þetta var netþjónninn settur upp eins og hann átti að vera og afritun breytt þannig að hún sé um símalínu til höfuðstöðva Skrín á Akureyri.

Persónuvernd segir ljóst að Heilsugæslustöðinni hafi borið að taka öryggisafrit af sjúkraskrám og varðveita á öruggum stað. Það hafi ekki verið gert. „Þá telur Persónuvernd að heilsugæslustöðinni hafi einnig borið að athuga það reglulega hvort öryggisafrit hefðu að geyma nauðsynlegar upplýsingar. Telur Persónuvernd að slíkt verði að athuga nægilega oft til að tryggja að öryggisafrit, sem hefur að geyma slíkar upplýsingar, sé ávallt á vísum stað,“ segir stofnunin sem nú hyggst kanna hvort öryggisafritun sjúkraskránna sé orðin fullnægjandi.

gar@frettabladid.is



RÖGNVALDUR GUÐMUNDSSON



**IFTIKHAR MOHAMMED CHAUDHRY** Aftur í dómarasæti. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Heitt í kolunum í Pakistan:

# Mótmælendur hafa sitt fram

**PAKISTAN, AP Pakistanstjórn lét í gær undan sumum kröfum mótmælenda og sló þar með á spennuna sem fyrr ríkt hefur í landinu. Með því að fallast á að setja aftur í embætti nokkra hæstaréttardómara sem Pervez Musharraf, fyrrverandi forseti, rak, sljákkaði mjög í stjórnarandstæðingum sem síðustu daga höfðu staðið fyrir fjöldafundum sem leystust að hluta upp í múgæsingu og óeirðir.**

**Snemma í gærmorgun tilkynnti forsætisráðherrann að Iftikhar Mohammed Chaudhry og fleiri menn sem Musharraf rak síðla árs 2007, fengju aftur dómarahempur sínar.**

**Tilkynningin varð til þess að hætt var við fjöldakröfugöngu sem óánægðir lögfræðingar og stjórnarandstæðingar höfðu boðað til.** **- aa**

## ALÞINGI

### Meginlínur fjárlaga kynntar

Meginlínur fjárlaga, bæði fyrir næsta ár og fyrir árin 2011-2012, voru kynntar Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á meðan á heimsókn þeirra stóð. Þetta kom fram í máli Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra á þingi í gær. Hann hvatti menn til hóflegrar bjartsýni þar sem atvinnuleysi væri mera en spáð hafði verið og heildarskuldir þjóðarbúsins væru ekki að þróast í jákvæða átt.

### Barnasáttmáli lögfestur

Alþingi samþykkti í gær þingsályktunartillögu um að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna verði lögfestur hér á landi. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir sagði þegar hún gerði grein fyrir atkvæði sínu að endurskoðun á barnaverndarlögum færi nú fram í félagsmálaráðuneytinu með sáttmálann í huga.

## BRASILÍA

### Rændi dóttur og flugvél

Brasilíumaður, sem sakaður var um að hafa nauðgað þrettán ára stúlku, henti eiginkonu sinni út úr bíl á ferð og fór síðan með fimm ára dóttur þeirra á flugvöll þar sem hann rændi einkaflugvél. Henni flaug hann á verslunarmiðstöð í borginni Gioiana og batt þar með enda á líf sitt og dótturinnar.


# 20 ÁRA STARFSAFMÆLI

Allur ferskur fiskur í fiskborði og allir fiskréttir

990 kr/kg

lax, lúða, skötuselur og fleira og fleira

Hlakka til að sjá alla mína gömlu og nýju viðskiptavini í gegnum árin

*Tilboðið gildir út alla vikuna*

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

### SIGLUM INN Í HLÝINDI

Það eru hitaskil á leiðinni inn yfir land núna með morgninum og um níu leytið eru horfur á rigningu syðra en snjókomu eða slyddu nyrðra. Strax um hádegi ætti úrkoman nyrðra að vera orðin að rigningu en þá verður við það að stytta upp syðra. Síðar í dag styttir einnig upp nyrðra og léttir þar til. Í kvöld fer svo aftur að rigna sunnan til.




| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Amsterdam | 12° |
| Basel | 18° |
| Berlín | 11° |
| Billund | 8° |
| Eindhoven | 14° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 14° |
| Gautaborg | 7° |
| Kaupmannahöfn | 8° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 12° |
| New York | 12° |
| Orlando | 25° |
| Osló | 4° |
| París | 16° |
| Róm | 18° |
| Stokkhólmur | 3° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



# Starfsemi Stafa lífeyrissjóðs árið 2008

Afkoma Stafa lífeyrissjóðs á árinu 2008 ber að sjálfsögðu skýr merki um atburði á fjármálamörkuðum hér heima og erlendis og skarpan samdrátt í efnahagslífinu í kjölfarið. Þrír stórir viðskiptabankar féllu og mörg stór fyrirtæki standa illa vegna óhagstæðrar gengisþróunar íslenskrar krónu. Stafir lífeyrissjóður var í miklum viðskiptum við alla þessa banka, Glitni, Kaupþing og Landsbankann, og fjárfesti í hlutabréfum og skuldabréfum sem þeir höfðu gefið út. Við fallið urðu hlutabréf og víkjandi skuldabréf bankanna verðlaus og mikil óvissa er enn um verðmæti þeirra skuldabréfa sem þeir gáfu út og eru í eigu sjóðsins.

Þá ríkir mikil óvissa um endurgreiðsluhæfi fyrirtækjaskuldabréfa en sjóðurinn hefur fjárfest í markaðsskuldabréfum útgefnum af mörgum íslenskum fyrirtækjum. Vegna þessarar óvissu voru 7.475 milljónir króna færðar í varúðarskyni á afskriftareikning, sem rýrir eignir sjóðsins að sama skapi. Slíkt mat er mikilli óvissu háð en benda má á að varúðarafskriftin nemur um 10% af eignum og 24% af skuldabréfum.

Athygli | stofa108

- Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris nam 75.926 milljónum króna og hafði minnkað um 7,6% frá fyrra ári þegar hrein eign var 82.151 milljón króna.
- Iðgjaldagreiðslur til samtryggingadeildar námu 4.250 milljónum króna sem er 12% aukning frá fyrra ári.
- Iðgjaldagreiðslur til séreignardeildar námu 244 milljónum króna sem er 12,4% aukning frá fyrra ári.
- Í lok árs 2008 áttu 52.495 einstaklingar réttindi í sjóðnum og hafði fjölgað um 1,8 % frá fyrra ári.
- Nafnávöxtun allra eigna Stafa var -10,6% en hrein raunávöxtun, að frádregnum fjárfestingar- og rekstrarkostnaði, nam -23,1% á árinu en var 0,9% árið 2007. Slök ávöxtun eigna skýrist að stórum hluta af falli bankanna og mikilli varúðarafskrift markaðsskuldabréfa.
- Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sjóðsins síðustu fimm árin er 1,3% en 2,7% síðustu tíu árin.
- Rekstrarkostnaður sjóðsins á árinu 2008 var 101,8 milljónir króna og hafði aukist um sem svarar til 4% umfram verðlagshækkanir.
- Alls var 35.625 milljónum króna ráðstafað til verðbréfakaupa og lánveitinga í samræmi við fjárfestingastefnu sjóðsins.

## KENNITÖLUR

| | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Nafnávöxtun | -10,6% | 6,8% |
| Hrein raunávöxtun | -23,1% | 0,9% |
| Hrein raunávöxtun (5 ára vegið meðaltal) | 1,3% | 9,1% |
| Hrein raunávöxtun (10 ára vegið meðaltal) | 2,7% | 6,1% |
| Fjöldi sjóðfélaga í samtryggingadeild | 10.504 | 10.041 |
| Fjöld lífeyrisþega í samtryggingadeild | 3.659 | 3.593 |
| Rekstrarkostnaður í % af iðgjöldum | 2,26% | 2,11% |
| Rekstrarkostnaður í % af eignum | 0,13% | 0,09% |
| Lífeyrir í % af iðgjöldum | 41,8% | 43,2% |
| Stöðugildi | 10,5 | 10,5 |

## SJÓÐFÉLAGAFUNDUR

**Í tryggingafræðilegri úttekt á stöðu Stafa í árslok 2008 kemur fram að 13,1% vanti upp á að eignir sjóðsins standi undir heildarskuldbindingum hans.**

Stjórn sjóðsins gerir grein fyrir hugmyndum sínum um viðbrögð við tryggingafræðilegri stöðu hans á sjóðfélagafundi sem hér með er boðað til **fimmtudaginn 26. mars kl. 20:00 að Stórhöfða 31 í Reykjavík.**

### Stjórn Stafa lífeyrissjóðs

Guðsteinn Einarsson formaður, Haraldur H. Jónsson varaformaður, Arnbjörn Óskarsson, Erna Hauksdóttir, Níels S. Olgeirsson, Sigurður Sigfússon. Framkvæmdastjóri er Ólafur Sigurðsson.

## ÁRSFUNDUR

**Ársfundur Stafa verður þriðjudaginn 19. maí 2009 í Reykjavík. Staður og stund auglýst síðar.**



STAFIR
LÍFEYRISSJÓÐUR

Stórhöfða 31 | 110 Reykjavík | Sími 569 3000 | Fax 569 3001 | stafir@stafir.is | stafir.is

## KJÖRKASSINN



*Á Fjármálaeftirlitið að greina frá launum skilanefnda gömlu bankanna?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 96,8% |
| NEI | 3,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á HB Grandi að greiða starfsfólki sínu launauppbót vegna góðrar rekstrarafkomu árið 2008?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

Vísir

Formaður Verkalýðsfélags Akraness vill atvinnurekendur út úr stjórnum:

# Laun lækki í lífeyrissjóðum

**VINNUMARKAÐUR** Það ætti svo sannarlega að skoða hvort ekki megi lækka laun hjá forstjórum og framkvæmdastjórum lífeyrissjóðanna, sem eru með allt að þrjátíu milljónir á ári í laun, segir Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness.



VILHJÁLMUR BIRGISSON

Sérstaklega eigi þetta við um Lífeyrissjóð verslunarmanna og Gildi, þar sem yfirmennirnir þéni milli tuttugu og þrjátíu milljónir á ári.

„Þessi laun eru ekki í neinum takti við það sem eðlilegt getur talist. En það er fleira sem má skoða, svo sem aðkoma atvinnurekenda að stjórnum sjóðanna,“ segir Vilhjálmur.

Óeðlilegt sé að atvinnurekendur véli með lífeyri launþega. Hagsmunaárekstrar geti til dæmis myndast þegar teknar séu ákvarðanir um fjárfestingar. Launþegarnir eigi að fara með stjórn eigin lífeyris. **- kóþ**

**LAUN FORSTJÓRA**

| Forstjóri/framkvæmdastjóri | Lífeyrissjóður | Árslaun | Mánaðarlaun |
|---|---|---|---|
| Þorgeir Eyjólfsson | Verslunarmanna | 29.842.000 | 2.486.000 |
| Árni Guðmundsson | Gildi | 21.534.000 | 1.794.500 |
| Gylfi Jónasson | Festa | 13.103.006 | 1.091.917 |
| Kári Arnór Kárason | Stapi | 12.917.000 | 1.076.417 |

*Heimild: www.vlfa.is

Kostnaður við stjórnlagaþing:

# Mun kosta einn til tvo milljarða

**ALÞINGI Stjórnlagaþing sem starfar í eitt og hálft ár, líkt og frumvarp Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra um breytingar á stjórnskipunarlögum gerir ráð fyrir, mun kosta tæpar 1.732 milljónir króna. Þetta kemur fram í kostnaðarmati frá fjármálaráðuneytinu, en málið var rætt á fundi sérnefndar um stjórnarskrármál í gær.**

**Greinargerð og kostnaðarmat gerir ráð fyrir kostnaði frá 1.176 milljónir króna fyrir tíu mánaða þing, 1.731 milljónir króna standi þingið í átján mánuði eins og gert er ráð fyrir og 2.148 milljónir króna starfi þingið í tvö ár.** **- shá**


FÍS – fyrir íslenska verslun

**Evrópuröðin – íslensk verslun og ESB**

Fundaherferð FÍS um Gjaldmiðla- og Evrópumál

FÍS - Félag íslenskra stórkaupmanna - heldur fundarröð um eitt stærsta hagsmunamál íslenskrar verslunar.

Fundirnir verða haldnir í húsakynnum FÍS í Húsi verslunarinnar 9. hæð næstu fimm miðvikudaga kl. 8:30 - 10:00

Fundirnir eru öllum opnir meðan húsrúm leyfir. Skráning í síma 588 8910 eða á netfangið linda@fis.is

**Fundur I**
18. mars kl. 8:30-10:00
Frummælandi: Benedikt Jóhannesson framkvæmdastjóri Talnakönnunar
*– Hefur verslun á Íslandi annan valkost en evru?*
Umræður
Fundarstjóri: Páll Rúnar M. Kristjánsson lögmaður FÍS


# Fritzl játar sifjaspell en ekki önnur brot

**Réttarhöld hófust í gær í einu umtalaðasta sakamáli í sögu Austurríkis, yfir manni sem hélt dóttur sinni fanginni í gluggalausum kjallara í 24 ár, nauðgaði ótal sinnum og gat sjö börn með. Verjandinn segir sakborninginn „ekki vera skrímsli“.**

**AUSTURRÍKI, AP** Hinn 73 ára gamli Josef Fritzl, sem sakaður er um að hafa læst dóttur sína inni í kjallara húss síns í 24 ár og getið henni sjö börn, játaði sig sekan um sifjaspell er réttarhaldið yfir honum hófst í Sankt Pölten í Austurríki í gær. Hann lýsti sig hins vegar saklausan af hinum alvarlegustu ákæruliðunum, um barnsmorð og að hneppa manneskju í þrældóm.

Fritzl á allt að lífstíðarfangelsi yfir höfði sér, verði hann fundinn sekur um barnsmorð. Við sifjaspelli liggur hins vegar eins árs fangelsi samkvæmt gildandi lögum í Austurríki. Búist er við að dómur falli jafnvel strax á fimmtudag í þessu sérstæða máli sem vakið hefur heimsathygli.

Samkvæmt málskjölum saksóknara hélt Fritzl dóttur sinni Elisabeth sem fanga í þröngu kjallararými í íbúðarhúsi sínu í bænum Amstetten í 24 ár. Hann er einnig sakaður um að hafa nauðgað henni ítrekað yfir allt þetta tímabil. Samkvæmt DNA-rannsókn er hann faðir allra þeirra sex barna sem Elisabeth eignaðist og komust á legg.

Eitt barn dó sem hvítvoðungur, en andlát þess er tilefni morðákærunnar. Saksóknarar halda því fram að sveinbarnið hefði átt möguleika á að komast af ef Fritzl hefði komið því undir læknishendur.



**FRITZL FYRIR RÉTTI** Sakborningurinn huldi andlit sitt með blárri skjalamöppu í dómsalnum í St. Pölten í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Saksóknarinn Christiane Burkheiser hóf ákæruræðuna á að saka Fritzl um að hafa margsinnis nauðgað dóttur sinni að litlum börnum þeirra ásjáandi, og að hann hefði vel getað bjargað barninu sem dó, hefði hann séð til þess að það fengi læknishjálp. Það fæddist veikburða og dó tveimur og hálfum degi eftir að það kom í heiminn.

Burkheiser sagði Fritzl ekki hafa talað neitt við dóttur sína fyrstu árin sem hann hélt henni fanginni; hann hefði aðeins farið reglulega niður í kjallaraholuna til að nauðga henni.

Verjandi Fritzls, Rudolf Mayer, ákallaði kviðdóm um að sýna hlutlægni og stóð fast á því að Fritzl væri „ekki skrímsli“.

Mayer sagðist ekki hafa neina sérstaka áætlun í málsvörninni, en lagði áherslu á að skjólstæðingur sinn iðraðist gerða sinna. **audunn@frettabladid.is**


marifunc
THE NORDIC NETWORK FOR MARINE FUNCTIONAL FOOD

**Sjávarfang og heilsusamleg efni.**
**Hver er staða mála gagnvart neytendum og fyrirtækjum?**

2. málþing Marifunc verkefnisins verður haldið 19. mars 2009, 08.30 – 12.45 á Hótel Hilton-Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík í fundarsal E.

Á málþinginu verður farið yfir rannsóknir um áhrif sjávarfangs og efnisþátta í sjávarfangi á heilsu. Einnig verður fjallað um notkun og gæði feitmetis ogpróteina sem notuð eru sem efnisþættir í fæðubótarefni og markfæði. Erindin á málþinginu byggja að niðurstöðum verkefnisins Nordic Networkfor Marine Functional Food (MARIFUNC) á vegum Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar (www.marifunc.org). Málþingið er skipulagt af Matís ohf.(www.matis.is) og Rannsóknastofu í næringarfræði (www.rin.hi.is).

**Dagskrá:**

**08.30** Skráning og kaffi

**09.00** Opnun og kynning.
*Sjöfn Sigurgísladóttir, forstjóri Matís ohf., Ísland.*

**09.10** Kynning á MARIFUNC.
*Joop Luten, Coordinator MARIFUNC, Nofima Marine, Noregur.*

**09.25** Sjávarfang og heilsa - Hvað er að frétta?
*Alfons Ramel Rannsóknastofu í næringarfræði, Háskóli Íslands, Landspítali.*

**10.25** Kaffihlé

**10.45** Áskoranir við notkun fitu úr sjávarfangi í markfæði og fæðubótarefni.
*Nina Skall Nielsen , DTU Aqua, Danmörk*

**11.30** Fiskprótein og peptíðvörur- vinnsluaðferðir, gæði og vinnslueiginleikar.
*Guðjón Þorkelsson/ Hörður Kristinsson, Matis ohf., Ísland.*

**12.15** 1-2-3-4 Heilsa.
*Ola Eide, Olivita, Noregur.*

**12.35** Málþingslok

matís

**Öll erindi verða flutt á ensku**

**Auglýsingasími**
512 50 50



– Mest lesið


Embætti skipulagsstjóra telur nýja hesthúsabyggð ekki skerða gildi Elliðaárdals:

# Hesthúsin skaða ekki Elliðaár

**UMHVERFISMÁL** „Langtímamarkmið borgarinnar er að halda Elliðaánum í A-flokki hér eftir sem hingað til,“ segir í umsögn skipulagsstjóra Reykjavíkur sem lögð var til grundvallar þegar skipulagsráð og borgarráð samþykktu fyrirhugað hesthúsahverfi í Víðidal.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu síðastliðinn föstudag lýstu margir sig andvíga nýja hesthúsahverfinu. Meðal þeirra eru umhverfisráð Reykjavíkur, Stangaveiðifélag Reykjavíkur og Veiðimálastofnun.

Í umsögn skipulagsstjóra er gagnrýni á hverfið svarað. Þar kemur fram að umrædd lóð hafi verið skilgreind sem athafnasvæði hestamanna frá árinu 1996. Engar byggingar fari nær ánum en eitt hundrað metra. Flóðvarnargarður muni skilja hverfið frá Elliðaánum og göngustíg og reiðstíg.

„Gert er ráð fyrir góðu andrými milli athafnasvæðis hestamanna og ánna,“ segir í umsögninni og tekið fram að öll frárennsli frá hesthúsunum fari í holræsakerfið. Sama gildi um ofanvatn á svæðinu.



**GUÐMUNDUR STEFÁN MARÍASSON** Formaður Stangaveiðifélags Reykjavíkur á göngubrúnni ofan við veiðistaðinn Heyvað í Elliðaánum. Hesthúsin rísa þar austan við. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Sé ekki unnt að leiða allt ofanvatn í fráveitu verður fundin viðunandi lausn á hreinsun áður en það er leitt í viðkvæman viðtakanda eins og Elliðaár,“ segir skipulagsstjóri sem kveður gildi svæðisins til útivistar ekki verða rýrt að neinu leyti.

„Þar hafa laxveiði, hestamennska og almenn útivist farið ágætlega saman um árabil og svo mun verða áfram.“ **- gar**

NOTAÐIR BÍLAR Á SPOTTPRÍS

# BÍLAOUTLET

KORPUTORGI

ATH! NOTAÐIR BÍLAR

SENDIFERÐABÍLAR - JEPPLINGAR - FÓLKSBÍLAR

Á HÁLFVIRÐI!!

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

TAKMARKAÐUR FJÖLDI BÍLA FÁANLEGIR Á HÁLFVIRÐI!
NÚ ER TÆKIFÆRIÐ! KÍKTU TIL OKKAR Í DAG, HÖFUM
OPIÐ FRÁ 11 TIL 19 ALLA VIRKA DAGA.

Korputorgi. Opið: mán-fös kl. 11-19, lau kl. 10-16

BÍLAOUTLET

Kúplingar



Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is




Forstjóri HB Granda segir engan hafa óskað eftir að laun verði hækkuð strax:

# Forstjóri segir fjármagni umbunað

**VINNUMARKAÐUR** Eggert Guðmundsson, forstjóri HB Granda, segir að engar óskir hafi komið frá starfsmönnum um að standa við launahækkun sem taka átti gildi um síðustu mánaðamót en frestað hefur verið fram í júní. 150 milljóna arðgreiðslur til eigenda félagsins hafa sætt gagnrýni í ljósi þess að launahækkununum var frestað.

Eggert segist munu fara yfir málin með starfsmönnum og forystu verkalýðshreyfingarinnar á föstudag. HB Grandi búi við mikla rekstraróvissu en hafi tekist að halda sjó. Arðgreiðslan sé hófleg eins og alla jafna hjá félaginu.

Eggert vill ekki svara því hvort til greina komi að láta launahækkunina koma til framkvæmda. Hann segir að með arðgreiðslunni sem nemur 150 milljónum króna sé fjármagni í starfseminni veitt „lítils háttar umbun“.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, hefur skorað á stjórn HB Granda að láta launahækkanirnar standa. Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins, segir arðgreiðslurnar siðlausar og þá hefur Efling fordæmt þær.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, segir stjórnendur HB Granda hugsa um alla hagsmuni sem félaginu tengjast. Hann reiknar með því að arðgreiðslan eigi að stuðla að því að halda fjárfestahópnum saman. - ghs



**BIÐJA EKKI UM HÆKKUN** Farið verður yfir málið með starfsfólki HB Granda á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

# Sýknudómurinn léttir fyrir lögmann

**Hæstaréttarlögmaður var sýknaður af ákæru um fjársvik í tengslum við sölu á stofnfjárbréfum í Sparisjóði Hafnarfjarðar. Telur farið gegn sér af offorsi og Jón H. B. Snorrason standa þar að baki. „Langsótt og alveg tilefnislaust,“ segir Jón.**

**DÓMSMÁL** Karl Georg Sigurbjörnsson lögmaður, sem ákærður var fyrir fjársvik í tengslum við sölu á tíu stofnfjárbréfum í Sparisjóði Hafnarfjarðar fyrir nokkrum árum, var sýknaður í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota, telur líklegt að dómnum verði áfrýjað til Hæstaréttar.

Karli Georg er létt enda kveðst hann hafður fyrir rangri sök. Hann telur að „ákæruvaldið hafi farið af stað með þetta mál í besta falli af vankunnáttu en í versta falli af illfýsni. Það er mín tilfinning,“ segir hann og bendir á að hann hafi sem lögmaður unnið „fullt af málum sem snúa að embætti ríkislögreglustjóra“.

Þegar farið hafi verið fram gegn sér af offorsi hafi hann farið að „hugsa sinn gang, hvort einhverjir embættismenn fari í illsakir við mig af því að ég vinn mitt starf sem lögmaður. Ég hef ákveðna skoðun á því. Ég tel að ákveðnir menn innan embættisins hafi farið gegn mér af offorsi,“ segir hann og telur einn fremstan í flokki. Það er „Jón H. B. Snorrason en ég get ekki fullyrt hvort hann standi á bak við þetta eða ekki. Það er bara mín skoðun.“

Karl Georg segir að ákæran hafi mikil áhrif á sig, bæði sem persónu og lögmann. „Staða sakbornings er mjög vont mál, hvað þá að vera ákærður, þannig að þetta skaðar mig. Mitt starf gengur út á trúverðugleika. Þegar ég sem hæstaréttarlögmaður er ákærður fyrir fjársvik hefur það slæm áhrif,“ segir hann.

Helgi Magnús telur „sorglegt ef vesalings maðurinn“ heldur að ákæruvaldið hafi farið fram af illfýsni, svo fráleitt sé það. Ákæruvaldið elti ekki ólar við slíkt. „Ég veit ekki hvað ætti að kalla fram þau viðbrögð. Það er algjörlega fráleitt. Sá sem hér situr og gaf út ákæru hefur sennilega aldrei átt nein samskipti við Karl Georg fyrr en í þessu máli,“ segir hann.

Helgi Magnús bendir á að Jón H. B. Snorrason hafi ekki gefið út ákæruna. „Ég veit ekki til þess að hann beri kala til manna. Ég tók þá ákvörðun að gefa út ákæru,“ segir Helgi Magnús og telur leitt ef Karl Georg heldur sig „ofsóttan.“

Jón H. Snorrason, aðstoðarlögreglustjóri höfuðborgarlögreglu og saksóknari, segir að lögmenn eigi rétt á því að vera ekki samsamaðir þeim sem þeir vinna fyrir. „Karl Georg má treysta því. Mér finnst þetta dæma sig sjálft. Þetta er býsna langsótt og alveg tilefnislaust,“ segir hann.

ghs@frettabladid.is



**VANKUNNÁTTA EÐA ILLFÝSNI** Dómur var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær í fjársvikamáli á hendur Karli Georg Sigurbjörnssyni. Karl Georg var sýknaður af ákæru um fjársvik þegar hann hafði milligöngu um kaup á stofnfjárbréfum í Sparisjóði Hafnarfjarðar. Karl Georg telur að „ákæruvaldið hafi farið af stað með þetta mál í besta falli af vankunnáttu en í versta falli af illfýsni. Það er mín tilfinning.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**MÍN ÁKVÖRÐUN** „Ég tók þá ákvörðun að gefa út ákæru,“ segir Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Ég tel að ákveðnir menn innan embættisins hafi farið gegn mér af offorsi.
>
> **KARL GEORG SIGURBJÖRNSSON**
> LÖGMAÐUR

Ellefu manns hafa verið handteknir vegna pólitískra morða á Norður-Írlandi:

# Friðarspillum engin grið gefin

**NORÐUR-ÍRLAND, AP** Lögregla á Norður-Írlandi handtók í gær fleiri meinta liðsmenn klofningshóps úr Írska lýðveldishernum, IRA, sem grunaðir eru um að tengjast morðum sem framin voru fyrr í mánuðinum á breskum her- og lögreglumönnum.

Alls eru nú ellefu manns í haldi vegna rannsóknar þessara mála. Þeir tveir sem handteknir voru í gær eru 27 og 31 árs gamlir og grunaðir um að tengjast morði á lögregluþjóni 9. mars.

Þeir níu sem handteknir voru í síðustu viku eru ýmist grunaðir um aðild að þeirri skotárás eða árás sem gerð var tveimur dögum fyrr á herstöð í Antrim, vestur af Belfast.

Martin McGuinness, næstæðsti leiðtogi Sinn Fein, flokks lýðveldissinna, sagðist vera sannfærður um að samfélagið sameinaðist gegn ógninni af ofbeldishneigðum klofningshópum sem vildu halda borgarastríðinu áfram. McGuinness var sjálfur einn af leiðtogum IRA á sínum tíma en hann er nú í forystu heimastjórnarinnar, þar sem lýðveldis- og sambandssinnar deila völdum.

Klofningshóparnir eru að reyna að grafa undan ákvörðun IRA frá árinu 2005 um að segja skilið við ofbeldi og afvopnast. - aa



**MARTIN MCGUINNESS**

**Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:**



# Skráðu þig í tölvunám!
# Menntun sem gefur þér forskot

1986 - 2008 • 23 ár í fremstu röð

Vertu betri með því að sækja nám í Tölvuskóla Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg sem er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og nærri 39.000 nemendur hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á 23 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax í skólann sem flestir sækja.

**Tölvuskóli TV er viðurkenndur af menntamálaráðuneyti og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

Microsoft CERTIFIED Partner • PEARSON VUE • PROMETRIC Testing Centre

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

### Stafræn ljósmyndun

Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

**Lengd**: 13 stundir/9 klst. **Verð**: 16.900

*Bjóðum einnig námskeið um Picasa og Photoshop Elements fyrir áhugaljósmyndara*

### Uppsetning ritgerða og skýrslna

Gerðu betri ritgerðir og skýrslur með því að læra að útlitsmóta löng skjöl á stuttum tíma með einföldum hætti í Word. Lærðu líka að kaflaskipta skjölum, búa til millitilvísarnir, efnisyfirlit og atriðaorðaskrár með sjálfvirkum hætti, tengja töflur og myndir og steypa mörgum skjölum í eitt.

**Lengd**: 13 stundir/9 klst. **Verð**: 16.900

*Lærðu bestu handtökin og sparaðu tíma!*

### Almennt tölvunám

Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfsöryggi við tölvunotkun.

**Helstu kennslugreinar**

- Grunnur tölvutækni og Windows
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint, töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist í vinnu eða heima við.

**Lengd**: 90 stnd./60 klukkust. **Verð**: 74.900.

*Næsta morgunnámskeið hefst 16. apríl.*

### Stutt og hnitmiðað nám

**Byrjendanám**
- Tölvufærni fyrir byrjendur • *30 st./29.900*
- Internetið og tölvupóstur • *9 stundir/11.900*
- Windows fyrir byrjendur • *9 stundir/11.900*
- Fingrasetning - tölvuvélritun • *6 st./7.500*

**Stafræn ljósmyndun og myndbönd**
- Ljósmyndavinnsla með Picasa • *9 st./12.900*
- Stafræn ljósmyndun • *13 stundir/16.900*
- Photoshop Elements • *13 stundir/18.900*

**Access**
- Access I: Almennt nám • *22 stundir/29.900*
- Access II: Sérhæft nám • *18 stundir/34.900*

**Word**
- Uppsetning ritgerða og skýrslna • *13 st./16.900*
- Word I: Almenn ritvinnsla • *22 st./26.900*
- Word II: Kraftmikil ritvinnsla • *18 st./26.900*
- Vinnsla langra skjala í Word • *13 st./19.900*
- Dreifibréf og markpóstur í Word • *4 st./8.900*

**Excel**
- Excel I: Almennt nám • *22 st./26.900*
- Excel IIa: Sérhæft nám • *18 st./32.900*
- Excel IIb: Fjárm.,bókh. & endsk. • *18 st./39.900*
- Excel IIc: Fjölvar og forritun • *32 st./49.900*
- Excel: Pivottöflur • *5 st./12.900*

**PowerPoint**
- PowerPoint I: Almennt nám • *13 st./16.900*
- PowerPoint II: Sérhæft nám • *9 st./14.900*
- PowerPoint I + II • *22 st./25.900*

**Outlook**
- Outlook I: Póstur, dagbók ofl. • *13 st./16.900*
- Outlook II: Fyrir lengra komna • *9 st/14.900*

**Publisher**
- Publisher: Bæklingar,kort ofl. • *13 st./18.900*

**Vefsíðugerð, Photoshop og Flash**
- DreamWeaver vefsíðugerð • *27 st./32.900*
- DreamWeaver og Photoshop • *54 st./55.900*
- DreamW., Photoshop og Flash • *72 st./76.900*
- Flash: Margmiðlun • *18 st/27.900*
- Flash II: Forritun • *18 st/27.900*
- Photoshop: Ljósm. og grafík • *27 st./32.900*
- Photoshop II: framhald • *18 st./32.900*

**Verkefna- og tímastjórnun**
- PRINCE2 verkefnastjórnun • *13 st./39.900*
- MS Project verkefnastjórnun • *22 st./44.900*
- Tímastjórnun með Outlook • *9 st./16.900*
- Hugarkort - MindMaps • *4 st./9.900*

### Hagnýtt bókhaldsnám

Mjög gagnlegt bókhaldsnám fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Kenndir eru allir algengustu þættir fjárhagsbókhalds, töluvbókhalds, uppgjörs. afstemningar, virðisaukaskatts, ofl.

**Lengd**: 94 stnd./63 klst. **Verð**: ~~108.900~~ 99.900

*Næsta morgunnámskeið hefst 4. maí*

### ASP .NET vefforritun

Einstakt námskeið til að læra kraftmikla vefsíðugerð með ASP .NET forritun í Visual Studio hjá Microsoft.

Alvörunámskeið fyrir alvöru forritara.

Mjög reyndur kennari og vandað námskeið.

**Lengd**: 36 stundir/24 klst. **Verð**: 79.900

*Örfá sæti laus á kvöldnámskeið sem hefst 26. mars. Kennt á þri. og fim.*

### Tölvunám fyrir 50+

Skemmtilegt nám fyrir þá sem hafa ekki ennþá lært á tölvu og eru komnir yfir 50 árin. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennara.

**Kennslugreinar:**

- Grundvallaratriði tölvutækninnar og stýrikefið Windows.
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.
- Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.

**Lengd**: 72 stundir/48 klst. **Verð**: 64.900

*Næstu námskeið hefjast 1. apríl og 15. apríl*

### Tölvu- og bókhaldsnám hraðferð



Frábært nám fyrir þig ef þú vilt leggja megináherslu á að læra hagnýta tölvunotkun og bókhald til að undirbúa þig undir krefjandi skrifstofustörf eða sjálfstæðan rekstur.

**Helstu kennslugreinar**

- Word, Excel, PowerPoint og Outlook.
- Fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti, launamál ofl.

Lærðu mikið á stuttum tíma og fáðu forskot.

**Lengd**: 150 stnd./100 klst. **Verð**: 129.900

Næsta morgunnámskeið hefst 15. apríl!

### Vefsmíði og grafík

Sæktu námskeið í DreamWeaver, Photoshop eða Flash og búðu til betri vefsíður og skemmtilegri myndir.

**Flash margmiðlun**

Lærðu að búa til lifandi auglýsingar og hreyfimyndir fyrir vefi með Flash.

**Lengd**: 18 stundir/12 klst. **Verð**: 27.900

*Næsta námskeið hefst 27. apríl (13-16)*

**Photoshop ljósmyndavinnsla og grafík**

Skemmtilegt nám um vinsælasta myndvinnsluforritið fyrir ljósmyndir, prentun, margmiðlun og vefi.

**Lengd**: 27 stundir/18 klst. **Verð**: 32.900

*Næsta námskeið hefst 1. apríl (13-16)*

**DreamWeaver vefsíðugerð**

Lærðu að búa til kraftmiklar, upplýsandi og fjölbreyttar vefsíður sem auðvelt er að viðhalda og auka við.

**Lengd**: 27 stundir/18 klst. **Verð**: 32.900

*Næsta námskeið hefst 23. mars (13-16)*

**DreamWeaver og Photoshop**

Sparaðu með því að sameina það besta.

**Lengd**: 54 stundir/36 klst. **Verð**: 54.900

*Næsta námskeið hefst 23. mars (13-16)*

**DreamWeaver, Photoshop og Flash**

Sparaðu enn meira og taktu allan pakkann.

**Lengd**: 72 stundir/48 klst. **Verð**: 76.900

*Næsta námskeið hefst 23 mars (13-16)*

### Upprifjunarnámskeið

Á vormisseri getur þú sótt stutt og hnitmiðuð námskeið hjá okkur sem hjálpa þér að rifja upp ýmislegt í Office forritunum og læra miklu meira um nýja hluti sem geta komið þér að góðum notum.

Þú tapar ekki á því að koma til okkar í upprifjun, eða dæmatíma eina morgunstund. Hvert námskeið er þrjár klukkustundir að lengd. Kennt er frá kl. 9:00-12:00:

**Upprifjun í Excel**: **Verð**: 5.900
**Upprifjun í Word**: **Verð**: 5.900
**Upprifjun í PowerPoint**: **Verð**: 5.900
**Upprifjun í Outlook**: **Verð**: 5.900

Bókaðu þig í dæmatíma og komdu með verkefni sem við aðstoðum þig við að leysa:

**Dæmatími í Office**: **Verð**: 6.900

Veldu tvö eða fleiri upprifjunarnámskeið, eða dæmatíma, og fáðu 15% afslátt.

*Vertu betri í því sem þú gerir!*

### Pivottöflur í Excel

Frábært námskeið fyrir alla þá sem þurfa að velta tölum fyrir sér í Excel og skoða þær frá öllum hliðum. Einstakt námskeið um veltitöflur á einstöku verði.

**Lengd**: 5 st./3,5 klst. **Verð**: 12.900 (tilboð)

*Morgunnámskeið verður 22. apríl.*

### Gott að vita!

- VR, Efling og fleiri stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

### Tölvunám TV til betri verka

**– hringdu núna í síma 520 9000**
**– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!**

### Styrkur til atvinnulausra

*Hafðu samband við Vinnumálastofnun og stéttarfélagið þitt og kannaðu hvaða styrki til náms, hjá okkur, þú getur fengið hjá þeim.*

*Láttu koma þér skemmtilega á óvart!*

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www.tv.is

**Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi**

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**Fjöldi viðskipta:** 29 **Velta:98** milljónir

| OMX ÍSLAND 15 | | OMX ÍSLAND 6 | |
|---|---|---|---|
| 223 | +0,34% | 572 | +0,21% |

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| FØROYA BANKI | +0,96% | ÖSSUR | -2,39% |
| BAKKAVÖR | +0,69% | MAREL FOOD | -1,22% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 2,80 +0,00% ... Atlantic Airways 171,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 235,00 +0,00% ... Bakkavör 1,45 +0,69% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 0,75 +0,00% ... Føroya Banki 105,00 +0,96% ... Icelandair Group 11,20 +0,00% ... Marel Food Systems 48,70 -1,22% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Össur 73,50 -2,39%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Aukin velta í samdrætti

Veltuaukning gæti numið 32 milljörðum króna í verslun og þjónustu hér innanlands á árinu vegna tekna af ferðafólki sem hingað kemur og samdrætti í útgjöldum Íslendinga erlendis.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Rannsóknaseturs verslunarinnar við Háskólann á Bifröst, Ferðamannaverslun í kjölfar efnahagssamdráttar.

„Á síðasta ársfjórðungi ársins 2008 fækkaði erlendum ferðamönnum til Íslands miðað við sama ársfjórðung ársins á undan um 1,3 prósent. Hins vegar eyddi hver erlendur ferðamaður að jafnaði meira en helmingi hærri upphæð í neyslu hér á sama tímabili,“ segir í skýrslunni og vitnað í tölur Seðlabanka Íslands.

Greiðslukortanotkun Íslendinga erlendis dróst hins vegar saman um 39,6 prósent á síðasta ársfjórðungi 2008 miðað við sama tíma 2007. Þá fækkaði á fyrstu tveimur mánuðum þessa árs ferðum Íslendinga til útlanda um 47 prósent miðað við fyrra ár og heimsóknum erlendra ferðamanna um 5,8 prósent. „Spáð er að aukin neysla á Íslandi 2009, vegna breytinga á efnahagsástandi og ferðalögum, verði 32 milljarðar króna. Af þeirri upphæð verði 6,4 milljörðum varið til íslenskrar verslunar.“ **- óká**



**FERÐAMENN Í VERSLUN** Fall krónunnar veldur því að innlend verslun eykst heldur, bæði vegna útlendinga og Íslendinga sem halda sig heima. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



**FORSTJÓRINN FYRRVERANDI OG STJÓRNARFORMAÐURINN** Líklegt þykir að kröfuhafar fái í hendur afganginn af eignum Straums að eignasölu lokinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ólíklegt að nýr banki rísi úr rústum Straums

**Eignir Straums eru á útsölu og líklegt að tilvist bankans færist í sögubækur. Líklegt er að kröfuhafar fái innlenda starfsemi bankans í hendur eftir nokkrar vikur.**

Straumur greindi frá því í gær að helmingshlutur í tékkneska fjárfestingabankanum Wood & Company hafi verið seldur öðrum eigendum Wood fyrir tíu milljónir evra, jafnvirði 1,4 milljarða króna. Þeir tóku við stjórninni í gær.

Þá greindi breska viðskiptablaðið Financial Times frá því í gær að Teathers í Bretlandi væri í sölumeðferð og hafði eftir Nick Staggs forstjóra að líklegt sé að fyrirtækið skipti um hendur fyrir vikulokin.

Eftir standa Stamford Partners og finnska fjármálafyrirtækið EQ sem líklegt er talið að hljóti sömu örlög.

Ákvæði í sölusamningi Wood & Company felur í sér að Straumur fær þrjátíu prósent af hagnaði tékkneska bankans næstu tvö árin, þó að hámarki fimm milljónir evra, jafnvirði rúmra 750 milljóna króna.

Straumur keypti tékkneska bankann fyrir einu og hálfu ári, eða um mitt ár 2007. Kaupverð var ekki gefið upp en ætla má, miðað við þá skuldbindingu sem stóð eftir á Straumi, að það hafi numið um 50 milljónum evra, jafnvirði sjö milljörðum króna á núvirði. Söluverðið nú er þessu samkvæmt fimmtungur af kaupverði.

Óvíst er hvað verður um þá starfsemi sem eftir stendur af Straumi hér. Líklegt er að skilanefnd Straums óski eftir því að bankinn fái heimild til greiðslustöðvunar ýmist í dag eða á næstu dögum.

Í framhaldinu verði sett á laggirnar eignarhaldsfélag um þær eignir sem eftir standa af Straumi innan nokkurra vikna. Það verður í eigu kröfuhafa.

Sex hundruð manns starfa hjá Straumi í Evrópu, þar af hundrað hér. Reikna má með að stórum hluta verði sagt upp en einhverjir verði ráðnir til starfa með skilanefndinni.

Skilanefnd og kröfuhöfum var kynnt staðan í síðustu viku og tóku þeir vel í þær hugmyndir sem þar var velt upp, að sögn Georgs Andersens, framkvæmdastjóra upplýsingasviðs Straums.

**jonab@markadurinn.is**





**ÚR VIÐTALINU** Scott Pelley, þáttastjórnandi 60 mínútna, ræðir við Ben Bernanke, seðlabankastjóra Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Heiminum var forðað frá algjöru hruni

Ben Bernanke, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, telur líklegt að sjá muni fyrir endann á fjármálakreppunni síðar á þessu ári og megi vænta betri tíðar eftir áramótin. Hann telur að atvinnuleysi muni taka síðar við sér og kunni það að fara yfir tíu prósent á næstu mánuðum.

Þetta sagði seðlabankastjórinn í einstöku viðtali í fréttaskýringaþættinum 60 mínútur hjá bandarísku sjónvarpsstöðinni CBS í fyrrakvöld. Tuttugu ár eru síðan seðlabankastjóri vermdi síðast stólinn hjá CBS. Síðast sat þar Alan Greenspan, forveri Bernankes, fyrir svörum árið 1989.

Fyrstu batamerki segir seðlabankastjórinn verða þegar bankar nái að tryggja sér fjármögnun.

Bernanke sagði fjármálaheiminn hafa verið á heljarþröm eftir fall bandaríska fjárfestingarbankans Lehman Brothers um miðjan september. Þótt margir hafi verið sannfærðir um að markaðurinn myndi leiðrétta sig sjálfur, þá hafi hann sjálfur haft efasemdir um það. „Fall Lehmans sannaði að stórt alþjóðlegt fyrirtæki má ekki verða gjaldþrota í miðri fjármálakreppu,“ sagði Bernanke og bætti við, að ekki hafi verið mistök að koma í veg fyrir fall bankans. Seðlabankinn hafi einfaldlega ekki getað spornað við því.

Sama máli gegni um bandaríska tryggingarisann AIG þótt stjórnendur hafi sýnt af sér þvílíkt ábyrgðarleysi að hann hafi sjaldan orðið jafn reiður og þegar stjórnvöld urðu að koma fyrirtækinu til hjálpar.

Að sögn Bernankes var fjármálaheimurinn allur á heljarþröm fyrrihluta október – á sama tíma og íslenska ríkið tók yfir viðskiptabankana þrjá. Samhentar björgunaraðgerðir hafi hins vegar komið í veg fyrir algjört hrun.

- jab


# Heimur í kreppu – hvað er fram undan?

**Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, miðvikudaginn 18. mars kl. 20.00–22.00**

Fjórði fundurinn í fundaröðinni **„Verjum velferðina!“** sem haldinn er af Öryrkjabandalagi Íslands og Landssamtökunum Þroskahjálp í aðdraganda Alþingiskosninga 2009.

**Frummælendur á fundinum eru:**
- Magnús Norðdahl, lögfræðingur ASÍ.
- Hjörtur J. Guðmundsson, stjórnarmaður í Heimssýn.
- Guðrún Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands.





**Til umræðu verður meðal annars:**
- Er ávinningur af því fyrir öryrkja og hagsmunasamtök þeirra að Ísland gangi í Evrópusambandið?
- Er áhætta fólgin í því fyrir öryrkja og hagsmunasamtök þeirra að Ísland gangi í Evrópusambandið?
- Fjölþjóðlegar tilskipanir sem gagnast öryrkjum.
- Evrópskur félagsréttur.

**Pallborðsumræður að loknum framsögum.**
Þátttakendur í pallborði verða frummælendur ásamt fulltrúum stjórnmálaflokka.

Fundurinn er öllum opinn.
Táknmálstúlkar verða á staðnum og tónmöskvakerfi.

**Mætum öll!** ***Ekkert um okkur án okkar!***

ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS
LANDSSAMTÖKIN ÞROSKAHJÁLP



# Aðgerðaáætlun Símans fyrir fólkið og fyrirtækin!

Síminn kynnir þrjár nýjar leiðir í GSM

**Lægsta mínútuverðið 11,90 kr.**
- Lægsta mínútuverð í GSM á Íslandi, 11,90 kr. óháð kerfi.
- Einn GSM vinur innan kerfis.
- Hentar þeim sem tala jafnan lengi í hverju símtali.
- Nánari upplýsingar á siminn.is.

eða

**Sex vinir óháð kerfi**
- Veldu þér sex GSM vini í hvaða kerfi sem er.
- Þetta er leiðin fyrir þá sem hringja mest í sama fólkið aftur og aftur.
- Nánari upplýsingar á siminn.is.

eða

**Núll í alla heimasíma**
- Ekkert mínútugjald úr GSM í alla heimasíma á Íslandi.
- Þrír GSM vinir innan kerfis.
- Nánari upplýsingar á siminn.is.

Hringdu núna í síma 800 7000 og veldu þína leið!

Þitt val • Það er **Síminn**

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Skynsamleg hagsmunaskráning.

## Tregir alþingismenn

**JÓN KALDAL SKRIFAR**

Nýjar reglur forsætisnefndar Alþingis um hagsmunaskráningu alþingismanna eru framfaraskref. Reglurnar ná utan um fjárhagslega hagsmuni og trúnaðarstörf utan þings en við smíði þeirra voru hafðar til hliðsjónar sambærilegar reglur í Danmörku og Noregi.

Eins og í þessum löndum munu íslensku þingmennirnir hafa val um hvort þeir taka þátt í skráningu á upplýsingunum eða ekki. Reglurnar taka gildi frá og með 1. maí og bíða því þeirra sem ná inn á þing í kosningunum framundan.

Það verður athyglisvert að sjá hverjar heimturnar verða. Hingað til hafa alþingismenn almennt verið tregir til að upplýsa fjárhagsleg tengsl sín.

Síðastliðinn desember sendi til dæmis Fréttablaðið öllum alþingismönnum fyrirspurn um hver kostnaðurinn hefði verið við prófkjörsbaráttu þeirra og hvernig baráttan hefði verið kostuð. Þrátt fyrir rúman svartíma skiluðu aðeins 25 svör sér í hús. Eftir að fréttaskýring hafði birst um málið og áframhaldandi fyrirspurnir blaðsins, bættust við svör fimm alþingismanna til viðbótar. Lokaniðurstaðan var því að innan við helmingur þingmanna var tilbúinn að upplýsa um hugsanlega prófkjörsstyrki sem þeir höfðu þegið frá fyrirtækjum, félögum eða einstaklingum.

Fulltrúar þáverandi stjórnarandstöðu brugðust reyndar flestir ljúflega við fyrirspurn Fréttablaðsins. Allur þingflokkur VG svaraði, líka allir þingmenn Frjálslynda flokksins og sex af sjö þingmönnum Framsóknarflokksins.

Allt annað viðmót var hins vegar meðal þáverandi ríkisstjórnarflokka. Þingmenn Samfylkingarinnar hafa gjarnan talað hátt um mikilvægi þess að hafa fjármál stjórnmálaflokka opin og aðgengileg. Engu að síður varð uppskeran rýr úr þeirra röðum. Aðeins helmingur þeirra sendi svör. Mótspyrnan við upplýsingagjöfina var þó langmest meðal sjálfstæðismanna. Aðeins tveir af 25 þingmönnum flokksins svöruðu Fréttablaðinu.

Þetta voru óneitanlega athyglisverðar niðurstöður. Sérstaklega í ljósi þess að þegar alþingismennirnir voru beðnir um prófkjörsupplýsingarnar var gríðarleg umræða í þjóðfélaginu um nauðsyn þess að öll spil yrðu lögð á borðið, bankaleynd jafnvel afnumin og möguleg hagsmunatengsl gerð eins gegnsæ og mögulegt væri.

Þremur mánuðum síðar hefur síður en svo slaknað á þeim kröfum. Má reyndar líta svo á að reglur forsætisnefndar Alþingis séu beinlínis viðbragð við þeirri heitu umræðu.

Reglurnar eru skynsamleg viðleitni til að draga úr þeirri almennu tortryggni sem er ríkjandi. En betur má ef duga skal. Athafnalíf landsins er að stórum hluta komið inn á áhrifasvæði stjórnmálamanna og það er risavaxið hagsmunamál að sem minnstur vafi leiki á um ákvarðanir þeirra.

Forsætisnefnd boðar að reglurnar verði endurskoðaðar og gerðar að lögum fyrir 1. desember. Við þá vinnu er skynsamlegt að líta til Bretlands. Þar er einnig krafist upplýsinga um eigur maka þingmanna, og þeir um fram allt skyldugir til að veita upplýsingarnar.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Óuppfært forskot

Jón Bjarnason sigraði í forvali VG í Norðvesturkjördæmi um helgina. Gagnrýnt hefur verið að Jón hafði einn frambjóðenda aðgang að félagaskrá flokksins og hafi þannig haft umtalsvert forskot á keppinauta sína. Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Vinstri grænna, segir gagnrýnina ekki eiga við rök að styðjast. Í samtali við Vísi í gær sagði hún að þar sem fjöldi manns hefði gengið til liðs við Vinstri græna undanfarið væri félagaskráin sem Jón hefði undir höndum ekki nákvæm. Þetta er ódýr afsökun; félagaskrá sem þarfnast uppfærslu er betri en engin. Jón hafði eftir sem áður gott forskot á aðra frambjóðendur, þótt það væri ekki uppfært.



### Hefði mjakað Merði upp

Nokkra undrun vakti á fulltrúaráðsfundi Samfylkingarinnar í Reykjavík, þegar var verið að setja prófkjörsreglurnar, að konur lögðust gegn tillögum ráðsins um jafnt kynjahlutfall í hverjum tveimur sætum. Jafna kynjahlutfallið kom að mestu af sjálfu sér upp úr prófkjörsreglunum, nema í sætum 7 - 8, þar sem Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir enduðu. Hefði tillaga fulltrúaráðsins náð fram að ganga hefði Merði Árnasyni verði ýtt upp í áttunda sætið og ráðherra jafnréttismála settur í það níunda.



### Styrkja eða storka?

Kolfinna Baldvinsdóttir bauð sig fram í forvali VG í Kraganum en hafði ekki erindi sem erfiði. Á bloggsíðu sinni skýrir Kolfinna hvað hafi vakað fyrir sér með framboði fyrir VG. Ólíkt þeim sem ganga í stjórnmálaflokka til að styrkja þá, virðist markmið Kolfinnu vera að storka þeim. „Framboð mitt var ögrun," skrifar Kolfinna, „ekki síst til að láta í ljós mikla óánægju mína, og jafnvel reiði, í garð Samfylkingarinnar." Þá var framboðið ögrun við Vinstri græn fyrir að taka ekki á ESB-umræðunni, auk þess sem Kolfinna vildi ögra sjálfri sér: „[É]g kaus að vinna með „heiðingjunum" frekar en fólki sem þykist kunna faðir vorið, en fer aldrei með það," skrifar Kolfinna. Skyldi hún verða bænheyrð.

**bergsteinn@frettabladsins.is**

# Fólkið í landinu



**JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR**

**Í DAG** | Borg og sveit

Rétt áður en útrásin hófst fyrir alvöru og almenn velmegun hér á landi varð meiri en áður hafði þekkst, mátti öðru hvoru lesa í blöðum og heyra í umræðuþáttum vandlætingu á því að verja almannafé til samgöngumannvirkja og annarra framkvæmda vegna fámennra byggðarlaga víða um land. Í fersku minni er yfirlætislegur skætingur um að þetta fólk geti bara flutt suður! Þar sé hvort sem er öll þjónustan.

Þegar góðærið gekk í garð og bankar og sjóðir fóru að bjóða áður óþekkta fyrirgreiðslu þögnuðu þessar raddir, nýtt gildismat varð til. Í stað þess að safna allt árið fyrir sumarleyfi á sólarströnd eða bíltúr um Evrópu var skroppið í helgarferð til útlanda, jafnvel oft á ári. Síðan byggðu menn sér sumarhús og nutu þess að vera úti í íslenskri náttúru. Þessi hús eiga lítið sameiginlegt með fyrri tíma sumarbústaða og eru í raun annað heimili fjölskyldunnar. Margir festu kaup á jörðum, ekki aðeins á Suður- og Vesturlandi, heldur út um allt land. Þetta eru mikil lífsgæði, en til þess að fólkið geti notið þess að eiga tvö heimili og ferðast um landið þurfa samgöngur og þjónusta að vera viðunandi. Alls staðar. Ekki bara á suðvesturhorninu.

### Frumkvæði og kraftur

Við Íslendingar lítum almennt svo á að vegna fámennis þjóðarinnar sé hver einstaklingur mikilvægari en ella. Meira muni um hvern mann en í milljóna samfélagi. Síbreytilegur veðurfar og sveiflur í afkomu í gegnum tíðina hafa kennt okkur að ekkert er í hendi nema um stundarsakir. Það hefur líka kennt okkur að nýta tækifærið þegar þau gefast og bjarga okkur sjálf.

Menn hafa því oft gert nánast ómögulega hluti af því að þeir vissu ekki að það var ekki hægt. Það er áreiðanlega einsdæmi að 300.000 manna samfélag eigi jafnmikinn mannauð í alhliða menntun, listum og athafnalífi. Fólk með skapandi hugsun og sjálfstraust til að taka frumkvæði og skapa sér sérstöðu bæði í atvinnulífi, menningu og félagslífi.

Það segir sig sjálft að hver einstaklingur, hvert starf, frumkvæði og kraftur er hvergi mikilvægara en í fámennum byggðarlögum. Einn duglegur útgerðarmaður hefur oft ráðið úrslitum um afkomu á slíkum stöðum, en önnur hlutverk á staðnum þurfa líka að vera vel skipuð.

### Pósthúsið burt

Á nýliðnum árum hefur öðru hvoru verið tæpt á því að flytja afmarkaða opinbera starfsemi út á land. Um þetta er ekki rætt eins og spennandi tengingu við landsbyggðina heldur nokkurs konar Rauða kross-verkefni. Um leið og það er bæði sjálfsagt og góðra gjalda vert að opinber starfsemi sem varðar þjóðina alla séu víðar en í Reykjavík, er ekki síður mikilvægt að bæir og þorp haldi sjálfstæði sínu og reisn eftir því sem kostur er. Fólkið þar sækir sjálfsmynd í umhverfið sitt og athafnir ekki síður en fólk í þéttbýli. Á þessu er hreint ekki alltaf skilningur. Ítrekað eru teknar ákvarðanir við skrifborð í höfuðstaðnum um þjónustu á þessum stöðum án nokkurs samráðs við þá sem þar hafa lifað og starfað alla ævi.

Þegar tveir menn birtust prúðir og hugguleigir á pósthúsinu á Seyðisfirði í janúarlok til að segja starfsmönnum að ákveðið hefði verið að loka pósthúsinu og færa starfsemina yfir í Landsbankann kom það eins og þruma úr heiðskíru lofti. Þrír vinna á pósthúsinu, þar af kona sem ber út póstinn, hjólar brosmild með hann um bæinn í öllum veðrum. Mennirnir frá Reykjavík sögðu að lokað yrði 1. apríl. Ekki færi starfsfólk með í Landsbankann, en stúlkan á hjólinu yrði ráðin áfram. Að því búnu fóru þeir á fund bæjarstjórans með sömu tíðindi.

Efnt var til kröftugra mótmæla í bænum, fólk á Seyðisfirði á erindi í pósthúsið sitt alla daga og Norræna kemur vikulega stóran hluta ársins. En í Reykjavík sitja menn og mæla kílómetrana frá Egilsstöðum til Seyðisfjarðar og finnst ekki stórmál þótt Seyðfirðingar þyrftu að sækja póstinn sinn þangað, rétt eins og þetta sé rennifæri allan ársins hring.

Þegar þetta er skrifað, 16. mars, hefur ekki komið lífsmark frá póstinum í Reykjavík. Hvorki viðbrögð við mótmælum, né skilaboð til starfsmanna um hvernig umskiptin eiga að fara fram. Kannski finnst þeim sem hér ráða ferð óþarfi að sýna starfsmönnum í litlum bæ á Austurlandi almenna kurteisi. Sem er misskilningur.

Mér er kunnugt um að þetta er ekki einsdæmi í samskiptum við byggðarlög víða um land. Gott væri ef hið Nýja Ísland sem okkur er tíðrætt um myndi breyta tilkynningum yfir í samstarf og virðingu.

# Að skipta ófyrirséðu tjóni

**UMRÆÐAN**

Sigrún Elsa Smáradóttir skrifar um verksamninga



**SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR**

Um árabil hafa styttri verksamningar Reykjavíkurborgar, OR og Faxaflóahafna verið óverðtryggðir. Í desember undirritaði Reykjavíkurborg samning við Samtök iðnaðarins (SI) um að bæta afturvirkt óverðtryggða verksamninga. Nýlega samþykkti svo meirihluti stjórnar OR og Faxaflóahafna að fylgja fordæmi Reykjavíkurborgar.

Fyrir því geta verið ákveðin sanngirnisrök að aðilar skipti með sér ófyrirséðu tjóni þegar stóráföll ganga yfir eins og gerst hér. Samningurinn við SI gengur þó mun lengra en að aðilar skipti ófyrirséðum kostnaði, því samkvæmt samningnum tekur borgin á sig allan kostnað vegna þeirrar verðbólgu sem telja má ófyrirsjáanlega þegar tilboðin voru gerð. Samningurinn felur í sér að borgin verðbæti verksamninga umfram ákveðinn grunn sem fer stighækkandi eftir því sem líður á árið. Þannig eru tilboð sem opnuð eru í febrúar verðbætt að fullu umfram 4% en verðbólgan í febrúar var 6,8%. Borgin verðbætir samninga að fullu umfram 9% vegna tilboða sem opnuð voru í júlí en þá var verðbólgan 13,6%. Þannig tekur borgin á sig allan ófyrirsjáanlegan kostnað vegna verðhækkana og rúmlega það.

Samanlagður kostnaður borgarinnar, OR og Faxaflóahafna vegna verðbótanna er rúmur milljarður króna, sem verktakar fá bætt afturvirkt vegna samninga sem voru óverðtryggðir þegar gengið var að þeim. Ef aðilar skiptu með sér ófyrirséðum kostnaði tækju verktakar á sig 500 milljónir á móti borginni. Verktakafyrirtækin berjast mörg í bökkum en það réttlætir þó ekki að skattfé almennings sé notað til að bæta þeim skaða afturvirkt með þeim hætti sem hér er gert. Borgin gengur allt of langt og setur með framferði sínu önnur sveitarfélög sem staðið hafa á rétti sínum í mikinn vanda.

Það er afleitt hvað opinberum aðilum reynist auðvelt að nota sameiginlega sjóði til að bæta öllum öðrum en heimilum landsins það tjón sem hlotist hefur af þeirri verðbólgu sem efnahagshruninu hefur fylgt. Meðan ekkert er gert til að skipta tjóninu milli lánveitanda og heimila er algjörlega óþolandi að seilst sé í vasa almennings til að bæta öðrum tjón langt umfram sanngirnissjónarmið.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Þakkir til starfsmanna Reykjavíkurborgar

UMRÆÐAN
Hanna Birna Kristjánsdóttir skrifar um fjármál Reykjavíkurborgar


HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2009 samþykkti borgarstjórn að ná fram 2,3 milljarða króna viðbótarhagræðingu í rekstri borgarinnar á árinu vegna þeirrar stöðu sem nú er uppi í efnahagslífinu. Endurskoðun fjárhagsáætlunar hófst strax í byrjun janúar og var útfærð annars vegar með því að draga úr yfirvinnu og hins vegar með því að leita til starfsfólks um hvernig draga mætti úr öðrum rekstrarútgjöldum. Hátt í 3.000 starfsmenn hjá Reykjavíkurborg tóku þátt í þessari vinnu og fram komu um 1.500 hugmyndir frá starfsfólki um hagræðingu í rekstri borgarinnar. Af þessum hugmyndum urðu til 300 umbótaverkefni, sem eru þegar komin í farveg og eru þar með orðin hluti af endurskoðaðri fjárhagsáætlun.

**Nýmæli í íslenskri stjórnsýslu**

Margar þeirra tillagna sem komu fram hjá starfsfólki munu bæta rekstur borgarinnar bæði til skemmri og lengri tíma litið, m.a. með nýjum umhverfisvænum lausnum. Meðal þeirra tillagna sem komu fram við endurskoðunina er að hagrætt verður í almennum rekstri allra starfsstaða, hefðbundnum skrifstofurekstri, fundakostnaði og innkaupum á vöru og þjónustu. Rafræn stjórnsýsla verður aukin og dregið úr kostnaði vegna áhalda og tækjakaupa og sparað í innkaupum hugbúnaðarleyfa. Leitað verður leiða til að minnka húsaleigukostnað og orkunotkun, kostnað við aðkeypta þjónustu og endursemja við birgja vegna innkaupa. Dregið verður úr kostnaði vegna sérfræðiþjónustu, auglýsinga, bifreiða, ferða, bensín- og olíukaupa og farsíma með endurskoðun á heimildarmörkum. Enn fremur verður dregið úr kostnaði við móttökur, rekstur og viðhald gatna svo eitthvað sé nefnt.

Þessar tillögur eru stórar og smáar en eiga það allar sameiginlegt að endurspegla þann mikla metnað sem býr í góðu starfsfólki Reykjavíkurborgar og þann góða vilja að hagræða í rekstri borgarinnar án þess að það bitni á grunnþjónustu borgarinnar, störfum eða gjaldskrám. Það eru nýmæli í íslenskri stjórnsýslu að starfsfólk komi að vinnu við endurskoðun fjárhagsáætlunar með þessum hætti og fái tækifæri til að leggja sitt af mörkum við að gera rekstur borgarinnar sem hagkvæmastan. Kostnaður hefur verið rýndur á fjölmennum greiningafundum og hafa öll svið unnið að hagræðingunni með öflugri þátttöku stjórnenda og annarra starfsmanna.

**Markmiðin hafa náðst**

Auk þessara hagræðingartillagna lögðu sviðsstjórar Reykjavíkurborgar fram tillögur í samráði við mannauðsstjóra um endurskoðun og sparnað yfirvinnu á árinu. Samanlagt hafa þessar tillögur tryggt að markmið borgarstjórnar um viðbótarhagræðingu hafa náðst og að áfram verði hægt að standa vörð um grunnþjónustu Reykjavíkurborgar, störf starfsmanna og gjaldskrár í samræmi við sameiginlegan vilja borgarstjórnar.

Þetta minnir okkur á að það er allt hægt þegar allir leggjast á árarnar. Í því árferði sem við búum við verðum við að nýta sköpunarkraft starfsfólksins sjálfs til að leita nýrra lausna í opinberum rekstri. Það er fyrir tilstuðlan frábærs starfsfólks og stjórnenda Reykjavíkurborgar sem markmið um hagræðingu í fjárhagsáætlun borgarinnar hafa náðst og ég vil þakka öllu því góða starfsfólki sem undanfarnar vikur hefur lagt mikið á sig til að ná þessum árangri.

*Höfundur er borgarstjóri.*

# Vinstri og hægri hönd Framsóknar

UMRÆÐAN
Skúli Helgason skrifar um stjórnmál

Gamall félagi úr háskólapólitíkinni, Einar Skúlason, sendir mér kveðju hér í blaðinu á miðvikudag, þar sem hann svarar grein minni hér í blaðinu um félagshyggjustjórn eftir kosningar. Þar tjáði ég þá skoðun mína að Samfylkingin ætti að lýsa því skýrt yfir fyrir kosningar að við viljum mynda félagshyggjustjórn eftir kosningar, til að kjósendur hafi ekki aðeins vald til að ráða þingstyrk flokka heldur geti jafnframt í reynd kosið um næstu ríkisstjórn. Ég vitnaði í grein minni í nýjan formann Framsóknarflokksins sem hefði lýst því yfir að framsóknarmenn myndu fylgja þeirri gömlu aðferð að ganga óbundnir til kosninga. Félagi Einar segir mig þarna gera formanninum upp skoðanir. Þá er rétt að ég geti heimilda áður en lengra er haldið. Morgunblaðið birti 31. janúar síðastliðinn ítarlegt viðtal við Sigmund Davíð, formann Framsóknarflokksins, og þar sagði hann orðrétt:


SKÚLI HELGASON

„Við göngum óbundnir til kosninga. Það er hins vegar alveg ljóst að í Framsóknarflokknum er mikill vilji til þess að gefa Sjálfstæðisflokknum frí frá ríkisstjórn og líta til vinstri, þótt ekki væri nema í ljósi þess hvernig mál hafa þróast í samfélaginu síðustu árin. Mörgum framsóknarmönnum hefur fundist Framsóknarflokkurinn hafa færst til hægri og samfélagið sömuleiðis og telja að nú eigi að líta til vinstri. En Framsóknarflokkurinn mun ekki semja um stjórnarmyndun fyrir kosningar.“

Þarna er að vísu sígild framsóknar-íslenska á ferðinni svona já-og-nei, hvorki-né, bæði-og pólítík, en þó formaðurinn lýsi því að vinstri sjónarmið njóti mikils stuðnings í flokknum sem stendur er augljóst af þessum orðum að hann vill halda báðum dyrum opnum og útilokar hreint ekki samstarf við Sjálfstæðisflokkinn að loknum kosningum. Það er gleðiefni að vinstri hönd Framsóknar sé nú vöknuð til lífsins en veit hún hvað sú hægri er að gera?

*Höfundur er frambjóðandi Samfylkingarinnar.*


HEILDARTEKJUR






ERTU MEÐ RÉTTU MÆLANA
FYRIR REKSTURINN?

Allar nauðsynlegustu upplýsingar við hendina með TARGIT stjórnendalausninni.

- Lifandi mælaborð sem sýnir alla helstu þætti rekstursins á rauntíma
- Skjótari og upplýstari ákvörðunartaka
- Flókin gögn úr mörgum áttum í einni skjámynd
- Dýrmætum tíma eytt í aðalatriðin - ekki aukaatriðin



„Kerfið hefur veitt okkur ómetanlegt aðhald í rekstri á erfiðum tímum. Með því að nýta sjálfvirka eftirlitskerfið í Targit getum við látið kerfið vakta helstu lykiltölur sem skipta okkur máli!

Langur tími í skýrslugerðir fyrir fundi eru úr sögunni þar sem kerfið sendir okkur sjálfkrafa skýrslur í tölvupósti með nýjustu gögnunum á ákveðnum tímum.“

Gísli Jónsson – Johan Rönning ehf.

Hafðu samband við söluráðgjafa okkar og fáðu nánari upplýsingar um TARGIT stjórnendalausnina.

TARGIT business intelligence

IPMA · VOTTUN HF ÍST ISO 9001 · Microsoft GOLD CERTIFIED Partner · Microsoft Dynamics

Microsoft Dynamics Regional ISV Partner of the Year 2007
Microsoft Business Solutions Global ISV of the Year 2005
LS Retail NAV - Certified for Microsoft Dynamics

LS LANDSTEINAR STRENGUR
Ármúla 7 · 108 Reykjavík · Sími 550 9000 · Fax 550 9010 · www.LS.is
Okkar þekking - þitt forskot!

AUGLÝSINGASTOFAN DAGSVERK / LS0309



## 70 ára afmæli

Sjötug er í dag

**Guðrún Valgerður Sigurðardóttir**

Borgarholtsbraut 61, Kópavogi.
Hún tekur á móti gestum á heimili dóttur sinnar að Breiðvangi 11, Hafnarfirði, milli kl. 16 og 20 í dag.

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Valur Guðmundsson**

frá Efra-Apavatni, Sléttuvegi 13, Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítalans laugardaginn 14. mars. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Þórdís Skaptadóttir**

| | |
|---|---|
| **Skapti Valsson** | **Jórunn Gunnarsdóttir** |
| **Dóra Sjöfn Valsdóttir** | **Birgir Sveinsson** |
| **María Ýr Valsdóttir** | **Rúnar Sigurðsson** |
| **Guðmundur Valsson** | **Marta K. Lárusdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



†

*Ástkær faðir okkar, stjúpfaðir, sonur, fyrrum maki og bróðir,*

**Ragnar Jón Gunnarsson**

arkitekt og skipulagsfræðingur,
Reynimel 31,

verður jarðsunginn frá Laugarneskirkju föstudaginn 20. mars kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, þeim sem vilja minnast hans er bent á ABC barnahjálp.

| | |
|---|---|
| **Hilmir Berg Ragnarsson** | |
| **Arnar Jón Ragnarsson** | |
| **Janus Christiansen** | **Birgitta Baldursdóttir** |
| **Gunnar G. Einarsson** | |
| **Guðlaug Erna Jónsdóttir** | |
| **Einar Berg Gunnarsson** | **Svandís Bára Karlsdóttir** |
| **Þórey Björg Gunnarsdóttir** | **Guðbjartur I. Torfason** |
| **Hafdís Lilja Gunnarsdóttir** | **Karl Hákon Karlsson** |

**systkinabörn hins látna.**

---



†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu,móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Önnu Júlíusdóttur**

til heimilis að Sléttuvegi 19, Reykjavík.

| | |
|---|---|
| **Guðmundur Gunnarsson** | |
| **Sólveig Guðmundsdóttir** | **Björn Líndal** |
| **Anna Margrét Guðmundsdóttir** | **Kristinn Ágúst Friðfinnsson** |
| **Gunnar Örn Guðmundsson** | **Helga Margrét Söebech** |
| **Hlíf Guðmundsdóttir** | **Geir Björnsson** |
| **Hrönn Guðmundsdóttir Sicari** | **Frank Sicari** |
| **Ólöf Magnúsdóttir** | **Örlygur Þórðarson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ásta Margrét Jensdóttir**

Austurströnd 8, Seltjarnarnesi,

lést á líknardeild Landakotsspítala laugardaginn 7. mars. Hún verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 17. mars kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Edda Steinunn Erlendsdóttir** | |
| **Ólína Erla Erlendsdóttir** | **Guðmundur Örn Ragnarsson** |
| **Erlendur Jón Einarsson** | **Anna Kristín Scheving** |
| **Steingrímur Óli Einarsson** | **Birna Dís Björnsdóttir** |
| **Margrét Ásta Guðmundsdóttir** | **Nicola Schröder** |
| **Ragnar Örn Guðmundsson** | |
| **Styrmir Örn Guðmundsson** | |

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Kristján Bergur Árnason**

Flögusíðu 2, Akureyri,

lést laugardaginn 14. mars á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri.

| | |
|---|---|
| **Margrét Stefánsdóttir** | |
| **Hugrún Helga Guðmundsdóttir** | **Arinbjörn Þórarinsson** |
| **Berglind Kristjánsdóttir** | **Einar Ernir Kristjánsson** |
| **Þórir Arnar Kristjánsson** | |

**Elmar Atli Arinbjarnarson og Telma Marý Arinbjarnardóttir.**

---



†

*Hjartkær sonur minn, eiginmaður, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hilmar Kristjánsson**

veghefilstjóri
Hrafnhólum 8, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítala, Kópavogi föstudaginn 13 mars sl. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 20 mars kl. 15.00.

**Þuríður Benediktsdóttir**
**Hjördís Óskarsdóttir**
**Jón Sverrir Hilmarsson**
**Þuríður Kristín Hilmarsdóttir**
**Óskar Sigurvin Pechar**
**Jóhanna Sigurbjörg Ragnarsdóttir**
**Lárus Kristinn Ragnarsson**
**Kristján Ragnarsson**
**Páll Sveinn Guðmundsson**
**tengdabörn, barnabörn, barnabarnabörn og aðrir ástvinir.**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Áslaug Guðmundsdóttir**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ hinn 11. mars, verður jarðsungin frá Langholtskirkju fimmtudaginn 19. mars kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Þuríður Kr. Sigurðardóttir** | **Ari Friðfinnsson** |
| **Jón Sigurðsson** | **Eva Dögg Júlíusdóttir** |
| **Halldóra Sigrún Sigurðardóttir** | **Robert V. Ryan** |

**og barnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginkona mín og móðir okkar,*

**Elísabet Thoroddsen**

Sóltúni 2a, Hvanneyri,

er látin.

**Guðmundur H. Thoroddsen**
**Helga Thoroddsen**
**Skúli Thoroddsen**
**Sverrir Thoroddsen**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ragnheiður Magnúsdóttir**

sjúkraliði, Sléttuvegi 15, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 13. mars. Útför hennar verður gerð frá Áskirkju föstudaginn 20. mars kl. 15.00.

| | |
|---|---|
| **Ómar Morthens** | **Kolbrún Björnsdóttir** |
| **Heimir Morthens** | **Þóra Kristín Sigursveinsdóttir** |
| **Gústaf Haukur Morthens** | **Hanne Grethe Torkildsen** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

**PENELOPE LIVELY FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1933**

*„Við þurfum öll á fortíðinni að halda til að geta skilgreint hver við erum.“*

***Egypski rithöfundurinn Penelope Lively vakti strax athygli sem rithöfundur þegar fyrsta barnabókin hennar, Astercote, kom út árið 1970.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**MIKILL ÁHUGI Á HÁTÍÐINNI Í ÁR** Listahátíð er jafnan haldin síðustu tvær vikurnar í maí og í ár verður hún haldin dagana 15.-31. maí.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SAMTÖK UM LISTAHÁTÍÐ: FJÖRUTÍU ÁRA

## Andans fóður

Fjörutíu ár eru nú liðin frá því samtök um Listahátíð í Reykjavík voru stofnuð en það var gert hinn 10. mars árið 1969. Fyrsta Listahátíðin var svo haldin ári síðar, eða vorið 1970.

Listahátíð í Reykjavík hefur frá upphafi haft það hlutverk að vera íslenskri list lyftistöng ásamt því að kynna Íslendingum list annarra þjóða. Hátíðin var haldin annað hvert ár frá 1970 til 2004 en frá þeim tíma hefur hún verið árlegur viðburður. Hrefna Haraldsdóttir, sem tók við starfi listræns stjórnanda Listahátíðar síðastliðið haust, segir hátíðina hafa haft mikla þýðingu fyrir íslenska listamenn sem og listunnendur. „Þá hefur tækifærum listamanna til að koma fram á hátíðinni fjölgað eftir að hún varð að árlegum viðburði auk þess sem framboð innlendra og erlendra listviðburða hefur aukist.“

Allt frá stofnun hefur Listahátíð í Reykjavík verið ætlað að spanna allt sviðið og hafa allar listgreinar á dagskrá. „Stundum hafa verið sérstakar þemahátíðir eða hátíðir þar sem áhersla hefur verið á ákveðnar listgreinar en í ár verðum við með blandaða hátíð. Við verðum í samstarfi við helstu menningarstofnanir og hátíðin mun líka teygja anga sína út á götu, inn í stofu og út á land,“ segir Hrefna en á meðal nýjunga í ár eru stofutónleikar og húslestrar þar sem höfundar og tónlistarmenn bjóða heim en þeir viðburðir verða kynntir sérstaklega á næstu dögum. „Þetta er ein leið til að bregðast við tíðarandanum og ríkjandi ástandi,“ segir Hrefna en Listahátíð hefur ekki farið varhluta af því frekar en aðrir. „Við höfum gengið í gegnum miklar sveiflur frá því að undirbúningur hátíðarinnar hófst. Við erum ekkert eyland og endurspeglum samfélagið hverju sinni,“ segir Hrefna sem verður þó vör við mikla grósku nú á umbrotatímum.

„Eins finnum við fyrir miklum áhuga á hátíðinni í ár. Við höfum þegar sett einn viðburð í sölu og voru viðbrögðin framar vonum. Ég hef það á tilfinningunni að nú sé einmitt rétti tíminn fyrir fjölbreytta menningarviðburði enda bendir margt til þess að mikil eftirspurn sé eftir andlegu fóðri.“

vera@frettabladid.is

---



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og vináttu við andlát elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Margrétar Magnúsdóttur**

Álfaskeiði 78, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar Landspítalans í Kópavogi.

| | |
|---|---|
| **Jón Olgeirsson** | |
| **Sigurjón Jónsson** | **Kolbrún Sjöfn Indriðadóttir** |
| **Holgeir Jónsson** | **Guðbjörg Ragnarsdóttir** |
| **Magnús Jónsson** | **Guðlaug Fjóla Arnardóttir** |

**barnabörn og langömmubarn.**



**UPPBOÐSFYRIRTÆKIÐ SOTHEBY'S** heldur uppboð á húsmunum ítalska tískuhönnuðarins Gianni Versace á morgun. Þar verða seld húsgögn og listmunir úr húsi Versace við Lake Como. Talið er að andvirði hlutanna sé tvær til þrjár milljónir punda, en það var rússneskur auðkýfingur sem keypti húsið í fyrra úr dánarbúi Versace sem lést árið 2007.




**Næstu fyrirlestrar og námskeið**

Heilsuvörumarkaður

Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17

maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
**www.madurlifandi.is**

**17. mars Góð heilsa er auðveldari en þú heldur!**
*Matti Ósvald heilsuráðgjafi*
**19. mars Hvað er málið með aukakílóin?**
*Matti Ósvald heilsuráðgjafi*
**24. mars Ég fitna sama hvað ég geri. Hvernig næ ég jafnvægi?**
*Esther Helga Guðmundsdóttir heilsuráðgjafi*
**31. mars Líkamsstaða, skrifstofuumhverfið og æfingar**
*Hallgrímur Magnússon osteópati*
**04. apríl Hláturfundur Hláturkætiklúbbsins**
*Ásta Valdimarsdóttir hláturjógakennari*
**07. apríl Erum við andleg og líkamleg eiturefnaúrgangs-ruslaskrímsli?**
*Edda Björgvins leikkona*

STAFGANGA Í LAUGARDAL

Stafgöngunámskeið hefjast 24 mars n.k.

BYRJENDANÁMSKEIÐ: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.
FRAMHALDSHÓPUR: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.

SKRÁNING & NÁNARI UPPLÝSINGAR Á: www.stafganga.is

GUÐNÝ ARADÓTTIR, stafgönguþjálfi, sími: 616 85 95.
JÓNA H. BJARNADÓTTIR, stafgönguþjálfi, sími: 694 35 71.

STAFGANGA
ÁHRIFARÍK LEIÐ TIL LÍKAMSRÆKTAR

Patti húsgögn

NÚ RÝMUM VIÐ FYRIR NÝJUM VÖRUM

50% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

Hornsófar, tungusófar sófasett, rúm, borðstofusett ofl.

aðeins í eina viku

takmarkað magn

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16

Börn og umhverfi

Námskeið fyrir ungmenni á 12. aldursári og eldri. Kennsla skiptist á 4 kvöld og fer fram í húsnæði Kópavogsdeildar Hamraborg 11, 2. hæð, kl. 17-20.

Á námskeiðinu er farið í ýmsa þætti sem varða umgengni og framkomu við börn. Rætt er um árangursrík samskipti, aga, umönnun og hollar lífsvenjur, leiki og leikföng. Lögð er áhersla á umfjöllun um slysavarnir og algengar slysabætur í umhverfinu ásamt ítarlegri kennslu í skyndihjálp. Að auki fá þátttakendur innsýn í sögu og starf Rauða krossins.

Næstu námskeið: Námskeið A – 27.-30. apríl
Námskeið B – 4.-7. maí
Námskeið C – 11.-14. maí
Námskeið D – 25.-28. maí

Námskeiðsgjald er kr. 7500 . Innifalið: Námsgögn, hressing og skyndihjálparútbúnaður.

Leiðbeinendur eru leikskólakennarar og hjúkrunarfræðingar. Þátttakendur fá staðfestingarskírteini að námskeiði loknu.

Skráning fer fram á heimasíðunni www.redcross.is/kopavogur

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Sjálfboðamiðstöð Hamraborg 11 • opið virka daga kl.10-16 • sími 554 6626




Síðasta æfingin fyrir Vasagönguna. Sveinn til vinstri með æskuvini sínum, Ingvari Einarssyni, sem fékk Svein með sér í Vasagönguna í fyrra. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Í fótsporum Svíakonungs

**Tæplega fjörutíu Íslendingar gengu á skíðum milli bæjanna Salen og Mora í Svíþjóð í hinni árlegu Vasagöngu á dögunum. Gangan er kennd við Gustav Vasa Svíakonung og er um 90 kílómetrar að lengd.**

Sveinn Guðmundsson, viðskiptastjóri hjá Nýherja, tók þátt í Vasagöngunni í Svíþjóð fyrir skemmstu, einn af 39 Íslendingum. Sveinn verður sextugur á þessu ári og gekk ásamt æskuvini sínum í tilefni af því.

„Aðdragandinn var sá að Ingvar Einarsson, æskuvinur minn frá Ísafirði, bað mig að taka þátt í Vasagöngunni í Svíþjóð með sér í fyrra, þegar hann varð sextugur," útskýrir Sveinn sem kláraði ekki gönguna í það skiptið vegna meiðsla. „Í sumar æfðum við félagarnir því mjög vel, og ýttum okkur á hjólaskíðum upp brekkurnar á göngustígunum í Reykjavík og tókum líka þátt í hjólaskíðakeppnum sem Skíðafélagið Ullur stóð fyrir."

Sveinn segir nauðsynlegt að æfa vel fyrir átökin en Vasagangan er 90 kílómetrar að lengd. Gustav Vasa Svíakonungur á að hafa gengið þessa leið árið 1521 á flótta undan herliði Dana. Árið 1922 var leiðin gerð að alþjóðlegri skíðagöngu og það var í 81. skipti sem hún var gengin sem Sveinn tók þátt. Hann segir það upplifun að ganga þessa leið.

„Þetta er sérstök reynsla. Um 15.000 manna hópur ryðst þarna af stað klukkan átta á sunnudagsmorgni í tíu stiga frosti, allir á skíðum með stafi. Maður ryðst með í kösinni fyrsta kílómetrann og reynir að passa að stafirnir brotni ekki og að ekki sé troðið á skíðunum manns. Svo eftir klukkutíma puð er maður kominn upp á hæsta tind göngunnar og þá blasir við manni fallegt skilti sem segir manni að það séu 87 kílómetrar eftir," segir Sveinn en það tók hann um 10 tíma að klára gönguna.

„Maður kemur afskaplega ánægður í markið. Ég var með púlsmæli á mér og reiknaði út að ég hafði brennt um 800 kaloríum á leiðinni, eða eins og einn maður brennir á 3 til 4 dögum," útskýrir Sveinn sem fékk sér hafragraut í morgunmat áður en hann lagði í hann og nærðist meðal annars á orkudrykkjum og bláberjasúpu á leiðinni.

„Þegar nær dregur endastöðinni stendur fólk svo meðfram brautinni og gefur þátttakendum appelsínur, súkkulaði og kaffi og hvetur fólk áfram, ekki veitir af. Ég gæti vel hugsað mér að taka aftur þátt en svo togar Fossavatnsgangan á Ísafirði alltaf í mig. Nú er ég líka kominn í ágætis þjálfun og vil síður tapa henni niður."

*heida@frettabladid.is*


**Ferskur fiskur og fiskréttir**

| | |
|---|---|
| Ýsa R/BL | 1090 KR/KG |
| Ýsa M/Roði | 890 KR/KG |
| Ýmsir réttir | 1190 KR/KG |

*ATH þetta er ekki tilboðsverð*
***- þetta er okkar verð alla daga***

**Réttur dagsins alla daga**
**990 KR**

Fiskbúðin Mos

Háholt 13-15 –milli Krónunnar og Mosfellsbakarís - S: 578-6699 – Opið 10-19 alla virka daga

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

# ;TÍSKA

**STÓRIR EYRNALOKKAR** eru aftur komnir á lista yfir eftirsóknarverða fylgihluti. Þeir mega vera stórir, áberandi og litríkir eins og kom fram á tískusýningu Zac Posens á dögunum. Þá mátti einnig sjá leikkonur á borð við Kate Winslet og Angelinu Jolie með þunga og mikla eyrnalokka á Óskarsverðlaunahátíðinni.






Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com
Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir



Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar




SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA

ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta
ÚTSÖLUSTAÐIR: Apótek og snyrtivöruverslanir



Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


# Litríkir vorboðar

**Ljósar kápur og litrík plögg eru árlegir vorboðar sem nú má sjá á hverju strái. Blái liturinn er áberandi og víða má sjá munstur og blóm.**

Þá er útsölunum víðast hvar lokið og þótt þær standi ávallt fyrir sínu er gaman að taka hring í búðunum að þeim loknum, enda fyllast þær jafnan af nýjum og ferskum vörum fyrir vorið.

Slárnar eru nú þaktar ljósum klæðum og víða má sjá munstur og blóm. Blái liturinn er áberandi og hlébarðamunstur leynast hér og hvar. *vera@frettabladid.is*



Sannkölluð vorkápa. Vila. Verð: 13.900 krónur.



Fjólublátt og hressandi. Vila. Verð: 8.900 krónur.



Blái liturinn er áberandi. Warehouse. Verð: 14.990 krónur.

Kremuð silkiskyrta með rósum sem auðvelt er að falla fyrir. Vila. Verð: 6.990 krónur.

Golla sem sker sig úr. Warehouse. Verð: 12.990 krónur.

# Fyrirsætuvélmenni

Japanir hafa ávallt verið hrifnir af vélmennum. Nýjustu fréttir herma að kennarar verði brátt úreltir og vélmenni komi í þeirra stað. Nú eru fyrirsætur í hættu því á mánudaginn var kynnt til leiks nýtt fyrirsætuvélmenni sem mun trampa fram sýningarpalla í Tókýó hinn 23. mars næstkomandi.

Vélknúna stúlkan er ósköp sæt, með stór augu, lítið nef og axlasítt hár. Hún er búin tækni sem gerir henni kleift að herma eftir hreyfingum annarra fyrirsætna af holdi og blóði.

„Halló allir, ég er Cybernetic human HRP-4C.“ Þannig kynnti hin krúttlega vélstúlka sig á blaðamannafundi sem haldin var rétt fyrir utan Tókýó. Stúlkan er 158 cm há sem er mjög algeng stærð í Japan en vegur aðeins 43 kíló með batteríum. Stúlkan skemmti áhorfendum vel með því að stilla sér upp í ýmsar þekktar tískustellingar og með því að brosa til viðstaddra. Líkt og stöllur hennar í sama bransa krefst vélstúlkan hárra upphæða fyrir þjónustu sína en þróun vélmennisins kostaði um tvær milljónir dollara.




KÍKTU Á CAPACENT.IS

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar www.capacent.is.

Starfsmenn Capacent Ráðninga starfa eftir mótuðum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð. Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

- Capacent Ráðningar móttekur skráningar í gagnagrunn og umsóknir um ákveðin störf
- Ráðgjafi hefur samband við umsækjanda telji hann viðkomandi koma til greina í það starf sem í boði er
- Umsækjanda er ráðlagt að fylgjast með auglýstum störfum á heimasíðu Capacent
- Hægt er að fylgjast með framvindu auglýstra starfa á vef Capacent
- Ráðgjafi fær samþykki umsækjanda til að senda ferilskrá til fyrirtækis
- Umsagna er ekki leitað hjá þriðja aðila nema að fengnu samþykki umsækjenda
- Öllum umsækjendum um auglýst störf er svarað þegar gengið hefur verið frá ráðningu í starfið

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000







NOKKUR ORÐ
Freyr Gígja Gunnarsson

# Hugtakið endurnýjun

Þegar ég endurnýjaði fjölskyldubílinn fór ég ekki með gömlu Toyota-bifreiðina og lét sprauta hana nýjum litum, skipta um bílnúmer og lappa aðeins upp á hljómflutningsgræjurnar. Ég keypti mér einfaldlega nýjan bíl; Suzuki Grand Vitara-jeppling. Sama átti við um þegar ég endurnýjaði húsakynni fjölskyldunnar. Gamla íbúðin var ekki máluð í öðrum lit og gömlum húsgögnum skipt út fyrir ný. Íbúðin var einfaldlega seld hæstbjóðanda, síðan var flutt, með tilheyrandi pappakassaflóði og breytingum á heimilisfangi hjá þjóðskrá.



Hugtakið endurnýjun virðist hafa vafist fyrir stjórnmálaflokkunum. Þeir trúa því að endurnýjun felist í því að gera við gamla bílinn, skipta um lit og útvarpstæki og kannski kaupa nýtt áklæði jafnvel þótt bíllinn hafi staðnæmst á miðri Miklubrautinni á háannatíma vegna þess að bílstjórinn gleymdi að setja bensín á hann. Endurnýjunin í þeirra huga var sú að húsgögnin í gömlu íbúðinni voru orðin svolítið slitin en í stað þess að fjárfesta í nýju húsnæði var þeim hent og ný í sama stíl fengin í staðinn.

Og svo að þessari samlíkingu ljúki einhvern tímann með beinum hætti þá er kannski bara eins gott að segja þetta berum orðum. Stjórnmálaflokkarnir geta ekki dáleitt mig með þeirri firru að einhver endurnýjun hafi átt sér stað innan þeirra raða. Þótt gömlu, góðu kerlingarnar og karlarnir séu mörg hver horfin á braut þá hafa óskilgetin afkvæmi þeirra komið sér makindalega fyrir í þeirra stað. Og þau munu verja hreiður sitt með kjafti og klóm næstu tuttugu árin. Rétt eins og lærimeistararnir kenndu þeim að gera.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# ALLTAF BETRA VERÐ

**FERMINGATILBOÐ FERMINGATILBOÐ FERMINGATILBOÐ**



## SÚPERTURN

**Súperturn 4 STX4**
AM2 5200+ X2 Athlon64 örgjörvi, mjög hljóðlát kælivifta, MSI K9N6PGM2-V - MCP61 móðurborð, 2xSATA2, Corsair 2xDDR2 800 vinnsluminni, Realtek 7.1 hljóðkort, 512MB MSI Geforce9 N9600GT, 1900MHz DDR3 skjákort, 640GB WD Blue - SATA II diskur, 10/100 netkort ofl.

**74.990**




## MARGMIÐLUN

**Ace Intel 3 tölvupakki**
2.66GHz Intel Core 2 Duo E7300 örgjörvi, 2GB Dual DDR2 minni, 640GB WD Blue diskur, DVD±RW skrifari, 22" LCD breiðtjaldsskjár, 1680x1050 punkta upplausn, 2500:1 skerpu og 5ms svartíma, 512MB MSI Geforce9 N9600GT skjákorti, vandað hátalarakerfi, Windows Vista Home Premium ofl.

**169.990**

## acer LCD SKJÁR



**22" Acer V223WBD LCD**
22" LCD breiðtjaldsskjár, 1680x1050 punkta upplausn, 2500:1 skerpu og 5ms svartíma. Svartur.

**34.990**

## SKJÁKORT




GLÆNÝ VARA

msi

**MSI GeForce N250GTS-2D512-OC**
512MB skjákort. 2200MHz GDDR3 minni, 738MHz kjarni. HDMI, 2 DVI Out, DUAL Link DVI, VIVO ofl.

**29.990**

## MYBOOK FLAKKARI

WD

640GB



**WD Essential 640GB**
640GB flakkari frá WD með hljóðlátum og umhverfisvænum WD Green hörðum disk. Slekkur á sér um leið og tölvan og sparar þannig orku.

**17.990**

## LYKLABORÐ



Logitech

**Logitech G15**
Lyklaborð með upplýstu hnappaborði, LCD leikjaskjá, 18 forritanlegum G-lyklum ofl.

**16.990**

## HARÐUR DISKUR



**WD Blue 640GB SATA2**
3.5" SATA 7200rpm harður diskur með 16MB minni.

**12.990**

## LASERMÚS

Logitech



**Logitech G9 laser mús**
Laser mús með skiptanlegu XL og Precision gripum, Gaming-Grade laser, háhraða USB, fingerðum 200 til 3200 punkta stillingum í upplausn og vistanlegum stillingum í músinni.

**12.990**

## HÁTALARAKERFI

Logitech



**Logitech X-210**
25w RMS hátalarakerfi með stóru bassaboxi, fjarstýringu með hljóðstilli og tengi fyrir heyrnartól.

**9.990**

## VINNSLU MINNI

CORSAIR




**Corsair 4GB DDR2 800MHz CL5 (2x2GB)**
Hraðvirkt DDR2 minni með kæliplötum og lífstíðarábyrgð.

**7.990**

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR • KÓPAVOGUR

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR | KÓPAVOGUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17 | STRANDGÖTU 9 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 | HLÍÐASMÁRA 10 |
| S: 414 1700 | S: 414 1730 | S: 414 1735 | S: 414 1740 | S: 414 1745 | S: 414 1750 | S: 414 1760 |

## > SKOTIN Í HUGH GRANT

Sarah Jessica Parker segir leikarann Hugh Grant vera bæði kláran og kynþokkafullan. Sarah er að fara að leika á móti Grant í rómantískri gamanmynd og viðurkennir að hún sé mjög spennt fyrir samstarfinu. Hún segir Hugh Grant vera hina fullkomnu ímynd ensks herramanns, bæði sniðugan og gáfaðan.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Dansa í Sundhöll Reykjavíkur

„Við hleypum áhorfendum inn einum í einu og leyfum þeim bara að ganga frjálst um húsið og sjá hvað er í gangi hjá hverjum listamanni,“ segir Ragna Sveinsdóttir, dansari og fjármálastjóri, um væntanlega sýningu Stúdentadansflokksins í Sundhöll Reykjavíkur. Flokkurinn hefur verið starfræktur í fjögur ár, en tók nýlega upp nafnið Spiral-dansflokkurinn og vinnur nú að verki sem verður sýnt í Sundhöllinni dagana 27. og 29. mars.

„Verkið heitir „The Opening“ og er dansleikhúsverk sem endurspeglar ólík tjáningarform, tónlist, dans og gjörning. Verkið yfirtekur og fyllir bygginguna með mögnuðu andrúmslofti sem skapar dulúð, töfra og brjálæði,“ útskýrir Ragna. „Við erum tíu stelpur í dansflokknum, en fengum þrjá stráka úr Stúdentaleikhúsinu til liðs við okkur því okkur vantaði karlpening í verkið,“ bætir hún við og brosir.

„Andreas Constantinou, höfundur verksins, vill að áhorfendur upplifi huglæga ævintýraferð svo áhorfendur fá frelsi og svigrúm til þess að reika um Sundhöllina og fylgja hvaða þema eða flytjanda sem er, flétta saman ólíkum leiðum eftir eigin höfði eða einfaldlega njóta þess að ganga um bygginguna og soga í sig andrúmsloftið,“ segir Ragna, en miðasala fer fram á midi.is. - ag



**ÆFT FYRIR SÝNINGU** Ragna Sveinsdóttir undirbýr danssýninguna í Sundhöll Reykjavíkur ásamt Unni Gísladóttur, framkvæmdastjóra flokksins, og Gianluca Vincentini, listrænum stjórnanda. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Stoppuð af lögreglu

**Poppsöngkonan Lady Gaga var stöðvuð af lögreglu á dögunum af heldur óvenjulegri ástæðu. Söngkonan, sem er 22 ára, komst ekki í kast við lögin, heldur var hún stöðvuð fyrir klæðaburð sinn því lögreglunni þótti hún heldur lítið klædd. Lady Gaga er þekkt fyrir að hafa munninn fyrir neðan nefið og svaraði fyrir sig fullum hálsi, en hún starfaði áður sem burlesque-dansari og segir fátt skemmtilegra en að sýna líkama sinn.**



LADY GAGA




# SAFFRAN OPNAÐ Í GLÆSIBÆ

**„Eigendurnir, Haukur Víðisson og Jamil Jamchi, voru búnir að spá í að opna svona stað lengi og ákváðu bara að kýla á það núna,“ segir Yesmine Olsson, einkaþjálfari og matreiðslubókahöfundur, um veitingastaðinn Saffran sem var opnaður í Glæsibæ í gær.**

Haukur er ekki alls ókunnur veitingahúsarekstri, því hann rak Vegamót og Café Óliver um tíma, en hann og Jamal fengu Yesmine til liðs við sig og Odd Smára Rafnsson matreiðslumann til að hanna matseðil staðarins.

„Við vildum búa til skyndibitastað þar sem hægt er að fá sér hollan og framandi mat án þess að fara út í öfgar. Við bjóðum aðallega upp á mið-austurlenskan, kryddaðan mat, en úrvalið er fjölbreytt og við verðum með alls kyns nýjungar. Davíð Magnússon speltbakari vinnur hjá okkur, en hann vann í heilsubakaríinu Emmerys í Danmörku og við höfum til dæmis verið að leika okkur með pitsurnar. Við verðum líka með nýjar bragðtegundir af ferskum safa sem er búinn til á staðnum og ég er búin að þróa svokallaða „naan-wich“ sem er samloka úr naanbrauði,“ segir Yesmine og brosir.

„Við héldum opnunarpartí fyrir vini og vandamenn á sunnudaginn, buðum þeim að smakka matinn og sjá staðinn. Við opnuðum svo formlega á mánudaginn og verðum með opið frá klukkan níu til níu alla daga, en til tíu á föstudögum og laugardögum.“ - ag



**SKOÐAÐ OG SMAKKAÐ** Erla Björnsdóttir, Hálfdán Steinþórsson og Valdimar Svavarsson mættu á opnun Saffran á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**FLOTT** Hannes Steindórsson og Þóra Ásgeirsdóttir létu sig ekki vanta á opnunina í Glæsibæ.



**ÁNÆGÐAR** Kristjana Stefánsdóttir söngkona og Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir leikkona voru glaðar í bragði við opnunina á Saffran.



**HANNAÐI MATSEÐILINN** Frá og með næsta laugardegi verður boðið upp á hollan „brunch“ á Saffran, en Yesmine hannaði matseðil staðarins í samstarfi við eigendurna og Odd Smára Rafnsson matreiðslumann.



**HOLLUR SKYNDIBITI** Haukur Víðisson og Jamil Jamchi eiga og reka skyndibitastaðinn Saffran þar sem boðið er upp á hollan mið-austurlenskan mat.



# Rihanna á djamminu

**Það lítur út fyrir að Rihanna sé að ná sér eftir meinta árás kærasta hennar, Chris Brown, í síðasta mánuði, en hún sást úti á lífinu í New York um helgina með rapparanum Jay-Z og eiginkonu hans, Beyoncé Knowles.**



**Samkvæmt heimildum bandaríska tímaritsins OK sáust þau á skemmtistaðnum The Spotted Pig þar sem þau höfðu sérhæð út af fyrir sig. Rihanna er sögð hafa verið í góðu skapi, skemmt sér vel og hlegið þrátt fyrir að ljósmyndarar hafi ólmir reynt að ná myndum af henni, en öryggisverðir gættu þess vel að Rihanna, Jay-Z og Beyoncé fengju að vera í friði.**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 17. mars 2009**

### ➜ Kvikmyndir

**20.00** Kvikmyndasafn Íslands sýnir japönsku myndina **Sansho the Bailiff** í Bæjarbíói við Strandgötu 6, Hafnarfirði. Myndin er sýnd með enskum texta. Aðgangur ókeypis. Nánari upplýsingar á www.kvikmyndasafn.is.

### ➜ Leiklist



**21.00 Þórir Sæmundsson** flytur leikverk sitt „Eterinn“, á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins við Hverfisgötu.

### ➜ Fyrirlestrar

**12.00 Ingólfur Friðriksson** flytur erindið „Refsiábyrgð blaðamanna við fréttaöflun í ljósi tjáningarfrelsins“ á Lögfræðitorgi, Háskólanum á Akureyri, Sólborg v/Norðurslóð, L201.

**12.05 Ragnar Aðalsteinsson** hæstaréttarlögmaður flytur erindið „Þýðing andófs fyrir þróun réttarins í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu. Aðgangur ókeypis og öllum opinn.

### ➜ Tónleikar



**22.00 Seth Sharp** heldur tónleika á Q Bar við Ingólfsstræti 3, þar sem á efnisskránni verða ný lög í bland við eldra efni.

### ➜ Myndlist

**Hildur Soffía Vignisdóttir** hefur opnað sýningu í Sýningarsalnum Hurðir við Laugaveg 170. Sýningin er opin alla virka daga frá 9-17.

**Ninný (Jónína Magnúsdóttir)** hefur opnað sýningu á málverkum og lömpum í Listasal Iðuhússins við Lækjargötu. Opið daglega kl. 9-22.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**









| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| WATCHMEN | kl. 5D - 8D - 10:30D | 16 |
| WATCHMEN | kl. 5 - 8 | VIP |
| ELEGY | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| GRAN TORINO | kl. 8 | 12 |
| SHOPAHOLIC | kl. 5:50 - 8 | L |
| DESPEREAUX m/ísl. tali | kl. 5:50 | L |
| FRIDAY THE 13TH | kl. 10:10 | 16 |
| CHIHUAHUA m/ísl. tali | kl. 5:50 | L |
| BENJAMIN BUTTON | kl. 8:30 | 7 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| WATCHMEN | kl. 6D - 9D | 16 |
| GRAN TORINO | kl. 5:30D - 8D - 10:30D | 12 |
| SHOPAHOLIC | kl. 6 - 8:10 | L |
| DEFIANCE | kl. 10:20 | 16 |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| BENJAMIN BUTTON | kl. 8:30 örfáar sýningar | 7 |
| HE´S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 8 | 12 |
| DEFIANCE | kl. 10:30 | 16 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| WATCHMEN | kl. 6 - 9 | 16 |
| SHOPAHOLIC | kl. 6 | L |
| GRAN TORINO | kl. 8 - 10:20 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| WATCHMEN | kl. 8 | 16 |
| MARLEY AND ME | kl. 8 | L |
| GRAN TORINO | kl. 10:20 | 12 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ
- Í DAG -
KR. 500
GILDIR EKKI Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG VIP

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| WATCHMEN D | kl. 5 - 8 - 10.30 | 16 |
| WATCHMEN LÚXUS D | kl. 5 - 8 | 16 |
| MARLEY AND ME | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| THE INTERNATIONAL | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| ÆVINTÝRI DESPERAUX | kl. 3.40 | L |
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.30 - 8 | 12 |
| THE PINK PANTHER 2 | kl. 4 - 6 | L |
| SKÓGARSTRÍÐ 2 | kl. 3.45 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| THE INTERNATIONAL | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 6 - 9 | 12 |
| THE PINK PANTHER 2 | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| FANBOYS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| LAST CHANCE HARVEY | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| MARLEY AND ME | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| ÆVINTÝRI DESPERAUX | kl. 6 | L |
| MILK | kl. 8 | 12 |
| THE WRESTLER | kl. 10.30 | 14 |
| THE READER | kl. 8 - 10.20 | 14 |
| VICKY CRISTINA BARCELONA | kl. 5.50 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| MARLEY AND ME | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| ÆVINTÝRI DESPERAUX | kl. 5.50 | L |
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 8 | 12 |
| FROST/NIXON | kl. 10.10 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| WATCHMEN | kl. 7 og 10 | 16 |
| ÆVINTÝRI DESPEREAUX | kl. 6 - Ísl.tal | L |
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 8 og 10.30 | 12 |
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 12 |


# Áfram Shakespeare

Á föstudagskvöld var frumsýning á stóra sviði Þjóðleikhússins. Þrettándakvöld Shakespears á þrettánda kvöldi mars. Hér er valið að leika með hálfgrímur og strika út skírskotanir og samtímaívitnanir auk gagnrýni á kirkjuna, sem gerir það að verkum að erfiðara er að skilja angist hins hlekkjaða þjóns í einu af lokaatriðum verksins.

Þetta var skemmtileg sýning, en það var sorglegt að hlusta á raddbeitingu nokkurra ungu leikaranna, ekki bara sorglegt heldur hreinlega erfitt. Margir gullmolar hins stórgóða texta sem skiptir sköpum í verkinu fóru algerlega fyrir ofan garð og neðan hjá áhorfendum og þeir sem sátu lengst frá sviðinu skildu ekki hvað sagt var á köflum.

Það er leiðinlegt því sýningin sem myndræn upplifun var hreint stórskemmtileg og Arnar Jónsson naut sín til fulls í Malvólíó þjóni sem gabbaður var svo illilega.

Helgi Hálfdanarson sá mæti þýðandi lést á þessu ári og hefði mátt sýna honum og texta hans virðingu með því að koma honum betur til skila. Það er grundvallarmunur á leiklistarmenntun þeirra sem eldri eru og þeirra sem við eiga að taka, að hið talaða orð og meðferð texta í skóla nútímans er í einhvers konar aukahlutverki.

Aðferð leikstjórans, hins argentínska Rafael Bianciotto, að bregða fyrir sig stíl commedía dell arte í bland við trúðafræði. Mikill munur var á leik hinna þaulreyndu og nemanna en þetta er engu að síður mjög skemmtilegt aðferð.

Vinnukonan María sem Ragnheiður Steindórsdóttir léði líf var kostuleg og hnitmiðuð og fyndin og hvert orð sem undan grímunni hraut skildist. Guðrún S. Gísladóttir fer með hlutverk Fjasta, trúðsins sem tekur þátt í því að fífla þjóninn Malvolíó. Gríma sú sem Guðrún bar var eins og ýkjur af hennar eigin andlitsdráttum og því vakti það mikla kátínu þegar hún lyftir henni af sér á einum tímapunkti. Guðrún smýgur léttilega inn í gervi hins undirförla litla manns sem einnig tekur upp hreyfingar kattarins.

Eggert Þorleifsson leikur Andrés Agahlý, heldur huglausan pilt, en Eggert lyftir smáatriðum þannig að hvert orð og hver hreyfing kallar á hlátur áhorfenda. Arnar Jónsson fór snilldarlega með hið erfiða hlutverk Malvólíó. Erfitt er hlutverkið sökum þess að það er í því meiri dýpt og gagnrýni og angist en lestraraðferð þessarar sýningar vildi við hafa. Arnar er hér að stíga sín fyrstu spor með Shakespeare (furðulegt en það er víst tilfellið) og vonandi heldur hann áfram á sömu braut því meðferð tungunnar, eins og honum er tamt, á svo sannarlega við í verkum meistarans.

Lilja Nótt Þórarinsdóttir fór með hlutverk Olívíu sem missir sig algerlega í ást á þjóninum og sendiboðanum. Hún fer vel með texta og hefur sterka útgeislun og nærveru. Walter Geir Grímsson sem skipstjórinn í sjóliðadressinu var óborganlegur. Hann er fimur og flinkur og flengist um sviðið eins og engispretta. Það verður gaman að fylgjast með honum í framtíðinni.

Búlki sem Hannes Óli Ágústsson ljær fullt líf er stórt og mikilvægt hlutverk. Sú hugmynd að láta hann reyna á röddina og skrumskæla hana oní barkann var mikill misskilningur. Svona teiknimyndaraddbeiting verður svo mikil andstæða við þá sem beita röddinni sem hljóðfæri. Þrátt fyrir þetta hefur Hannes Óli mikla og sterka nærveru.

Bjartur Guðmundsson náði í hlutverki Orsínó að skapa spætulegan spjátrung en misbeitti einnig röddinni þannig að óþægilegt var á að hlýða. Aðrir leikendur stóðu sig vel þó svo að raddbeiting hafi verið erfið.

Leikmyndin var einföld og smart, lýsing var smekkleg, tónlistin góð með músíkmeistarana sýnilega í stúkunum til beggja handa. Ein lína í búningunum, þessi rjómagulu föt án eiginlegrar tímaskírskotanna var vel til fundið og smart.

Það er alveg óhætt að kynna meistara Shakespeare fyrir ungviði landsins með þessari sýningu.

**Elísabet Brekkan**



**LEIKLIST**

**Þrettándakvöld**

eftir William Shakespeare í þýðingu Helga Hálfdanarsonar

**Leikstjóri:** Rafael Bianciotto
**Leikmynd og búningar:** Helga I Stefánsdóttir
**Tónlist:** Gunnar Karel Másson og Haraldur Rúnar Sverrisson
**Grímugerð:** Högni Sigurþórsson
**Raddþjálfun og raddsetningar:** Kristjana Stefánsdóttir.

★★★

Skemmtileg sýning með ungum leikurum sem kunna ekki á rödd sína


FISKBÚÐIN HAFBERG

Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

VERÐHRUN

ÝSUFLÖK

aðeins 690 kr kg

tilboðið gildir aðeins í dag

þú gengur að gæðunum vísum hjá okkur.

Veljum íslenskt



opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00



NIRVANA Novoselic varaði Cobain við því að nota heróín án árangurs.

# Krist varaði Cobain við

Krist Novoselic, fyrrum bassaleikari Nirvana, varaði söngvarann Kurt Cobain við því að nota heróín. Eiturlyfið hættulega átti síðar meir eftir að leiða til sjálfsvígs hans.

„Þetta var svo mikil sóun. Þetta var allt út af eiturlyfjunum," sagði Krist. „Kurt hringdi í mig í fyrsta sinn sem hann prófaði heróín og ég sagði honum: „Ekki gera þetta. Þú ert að leika þér að eldinum"," sagði hann. „Ég sagði honum strax mína skoðun. Ég sagði hluti sem hann vildi ekki hlusta á og það hafði áhrif á samskipti okkar."

# Aniston í Bond-mynd?

**Jennifer Aniston mun að öllum líkindum bjóðast hlutverk í næstu James Bond-mynd. Leikkonan, sem er fertug, hefur lýst yfir áhuga sínum á því að leika í mynd um spæjarann og hefur verið boðuð í prufu fyrir framhaldið af Quantum of Solace með Daniel Craig í hlutverki Bond.**

**Samkvæmt heimildum slúðurblaða vestanhafs eru framleiðendur myndarinnar hrifnir af Aniston og telja hana hafa allt sem til þarf í hlutverk Bond-stúlku, bæði fegurð og gáfur. Aniston hitti Daniel Craig og kærustu hans, Satsuki Mitchell, fyrir Óskarsverðlaunahátíðina á dögunum og virtist fara vel á með þeim.**



BOND-STÚLKA? Jennifer Aniston mun líklega bjóðast hlutverk í næstu Bond-mynd, en framleiðendur myndarinnar telja hana hafa allt sem til þarf í hlutverkið.



TIGER LILLIES til landsins. Þeir semja tónlist, halda sýningar sem eiga engan sinn líka, taka upp plötu, setjast þá niður til að semja nýtt efni. Íslendingar fá að sjá nýtt efni.

# TIGER LILLIES TIL ÍSLANDS

**Hljómsveitin Tiger Lillies spila á Listahátíð í Reykjavík í vor. Kvikmyndaleikstjórinn Valdís Óskarsdóttir kolféll fyrir þeim í Hamburg.**

„Er þetta staðfest? Vá, í alvörunni?" segir Valdís Óskarsdóttir kvikmyndagerðarmaður þegar leitað var viðbragða við þeirri fregn að hin einstaka hljómsveit Tiger Lillies væri á leið til landsins. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að Listahátíð muni standa fyrir tónleikum með þeim í Íslensku óperunni í lok maí en Guðrún Kristjánsdóttir, kynningarstjóri hátíðarinnar, neitar að tjá sig um það. „Fljótlega verður upplýst um glæsilega viðburði sem verða á hátíðinni í vor," segir Guðrún.

Valdís notaðist við tónlist tríósins við kvikmynd sína Sveitabrúðkaup. Hún sá þá í byrjun aldarinnar á tónleikum í Hamborg og kolféll fyrir þeim. Martyn Jaques stofnaði Tiger Lillies en á unglingsárunum bjó hann í íbúð fyrir ofan vændishús í Soho í London og svo virðist sem sú reynsla smitist í hljómsveitina sem varð til tíu árum síðar, eða 1989. Valdís segir hljómsveitina algerlega einstæða og allir þeir sem hún kynnir þá fyrir ánetjist. „Lögin þeirra geta orðið nánast brútal, eru í það minnsta hrein og bein – ekkert verið að skafa utan af hlutunum. Þeir eru kaldhæðnir, ferlega fyndnir. Já, svona „nastí" húmor sem ég kann vel við."



VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR Kolféll fyrir hljómsveitinni í Hamborg. Stakk upp á þeim við Listahátíð fyrir löngu en þá voru þeir allt of uppteknir.

Valdís komst á sínum tíma í samband við Tiger Lillies meðal annars í gegnum rússneska leikstjórann Serge Mongol sem hún kynntist eftir að hafa klippt Festen. Og fór á þeirra fund eftir að hafa spurt hvort þeir ættu „instrumental" tónlist en aðallega bjóða þeir upp á sungna tónlist. Það var ekki en þeir voru til í að endurvinna tónlistina. „Ég hitti þá í stúdíói í London, sýndi þeim myndbrot og þeir sömdu við kafla á staðnum. Þetta eru algerir snillingar," segir Valdís Óskarsdóttir. - jbg



## > KR sópaði Keflavík



KR tryggði sér í gær sæti í úrslitum úrslitakeppni Iceland Express deildar kvenna með sigri á Keflavík, 71-62, og þar með 3-0 í einvíginu. Hildur Sigurðardóttir var stigahæst leikmanna KR með átján stig en TaKesha Watson skoraði sautján fyrir Keflavík. KR mætir annað hvort Haukum eða Hamari í úrslitunum en þessi lið mætast í fjórðu viðureign liðanna í Hveragerði í kvöld. Haukar hafa forystuna í einvígi liðanna, 2-1.

# sport

sport@frettabladid.is

**HREIÐAR LEVÝ GUÐMUNDSSON:** ER VÆNTANLEGA AÐ SPILA SITT SÍÐASTA TÍMABIL Í SVÍÞJÓÐ

## *Hinn markvörðurinn og þjálfarinn eru hálfgert kærustupar*



Landsliðsmarkvörðurinn Hreiðar Levý Guðmundsson mun að öllum líkindum skipta um umhverfi í sumar og flytja frá Svíþjóð. Þar hefur hann verið síðustu ár hjá Savehof og staðið sig afar vel. Liðið er á sífelldri uppleið og búið að tryggja sér deildarmeistaratitilinn í Svíþjóð í ár.

„Það hefur gengið á ýmsu í vetur. Ég sneri mig síðast á ökkla með landsliðinu í janúar og er ekki alveg búinn að jafna mig af því. Það hefur samt gengið vel hjá liðinu og við búnir að vinna deildina þó svo við séum búnir að vera lélegir eftir áramót,“ sagði Hreiðar en úrslitakeppnin byrjar svo í kjölfarið.

Hreiðar hefur leikið minna í ár en áður og þurft að deila spilatímanum meira með hinum markverði liðsins. „Þetta er búið að vera allt öðruvísi tímabil í ár. Í fyrra spilaði ég nánast alltaf en núna er ég að spila kannski helminginn. Ég er nú ekkert sérstaklega kátur með það,“ sagði Hreiðar sem er samt þokkalega sáttur við eigin spilamennsku í vetur. Hann játar samt að vera oft pirraður yfir því að fá ekki að spila meira.

„Þeir eru hálfgert kærustupar, hinn markvörðurinn og þjálfarinn. Alltaf að spjalla saman og miklir vinir. Ég nenni ekki að vera í einhverjum sleikjuskap,“ sagði Hreiðar sem er með ýmis járn í eldinum þessa dagana.

„Það er allt í skoðun þessa dagana. Mér stendur til boða að fara til Danmerkur, Sviss, Spánar og jafnvel Þýskalands líka. Það gengur samt allt frekar hægt fyrir sig þessa dagana, þökk sé þessari peningakrísu,“ sagði Hreiðar en hvar kýs hann helst að spila?

„Það væri náttúrlega mest spennandi að fá tilboð frá fínu liði í þýsku úrvalsdeildinni. Það gæti gerst en er á algjöru byrjunarstigi. Svo eru nokkrir möguleikar í Danmörku sem gæti verið góður kostur. Svo er spænska liðið Antuquera einnig búið að sýna mér áhuga. Veit lítið um það lið nema það er nálægt Afríku og því heitt sem er ekki gott fyrir albinóa eins og mig,“ sagði Hreiðar léttur en það félag situr í 10. sæti spænsku úrvalsdeildarinnar.

„Það eru meiri líkur en minni að ég yfirgefi Svíþjóð í sumar,“ sagði Hreiðar Levý Guðmundsson að lokum.

Stjarnan vann í gærkvöldi sinn fyrsta sigur í úrslitakeppni í sögu félagsins:

# Stjarnan knúði fram oddaleik

**KÖRFUBOLTI** Stjarnan vann í gærkvöldi fyrsta sigur sinn í úrslitakeppni efstu deildar körfubolta karla í sögu félagsins er liðið lagði Snæfell á heimavelli, 99-79. Staðan í hálfleik var 45-42, Stjörnunni í vil.

Þetta er í fyrsta sinn sem Stjarnan kemst í úrslitakeppnina en liðin munu nú mætast í oddaleik í Stykkishólmi á fimmtudagskvöldið um hvort liðið kemst áfram í undanúrslit keppninnar.

„Við vorum afar sáttir við að vera yfir í hálfleik því við hittum nánast ekkert utan af velli í öllum fyrri hálfleiknum,“ sagði Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar, í samtali við Stöð 2 Sport eftir leikinn. „En seinni hálfleikurinn var alveg frábær og baráttan til fyrirmyndar. Að vinna Snæfell með 20 stigum í úrslitakeppninni finnst mér alveg magnað og það er ný tilfinning fyrir mig,“ sagði hann í léttum dúr.

Jón Ólafur Jónsson var stigahæsti leikmaður Snæfellinga en flestir leikmanna liðsins náðu sér einfaldlega illa á strik í leiknum.

„Þetta var alger hörmung. Við virtumst vera sofandi í leiknum og við vorum greinilega ekki tilbúnir í þennan slag,“ sagði Jón Ólafur. „Við misstum boltann frá okkur síendurtekið og það var ekkert flæði í sóknarleik okkar. Það var of mikið um einstaklingsframtak og þetta mun aldrei ganga upp ef við ætlum ekki að spila saman.“ Stjörnumenn náðu frumkvæðinu í leiknum í lok annars leikhluta. Snæfellingar fengu þó mörg tækifæri til að koma sér aftur inn í leikinn allt þar til um miðjan fjórða leikhluta er heimamenn keyrðu hreinlega yfir leikmenn Snæfells.

Teitur sagði sína menn ekki hafa neinu að tapa þegar liðin mætast í oddaleiknum.

„Ég hlakka ekkert smá til að fara í þennan leik. Það er engin pressa á okkur og við ætlum að draga fram allt það besta úr okkur.“ **- esá**



**JUSTIN SHOUSE** Var sínum gömlu félögum í Snæfelli erfiður og skoraði 28 stig. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**BARÁTTA** Páll Axel Vilbergsson í baráttu um boltann við Sveinbjörn Claessen, leikmann ÍR. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Grindavík númeri of stórt fyrir ÍR

**Grindavík varð fyrsta liðið til að tryggja sér sæti í undanúrslitum Iceland Express deildar karla í körfubolta með öruggum sigri á ÍR í öðrum leik liðanna.**

**KÖRFUBOLTI** Grindvíkingar unnu verðskuldaðan 85-71 sigur á ÍR í öðrum leik liðanna í fyrstu umferð úrslitakeppni Iceland Express deildarinnar í gærkvöldi þar sem liðið hafði forystu frá fyrstu mínútu. Grindavík er þar með fyrst liða til að tryggja sér sæti í undanúrslitum keppninnar.

Páll Axel Vilbergsson gaf tóninn snemma í Seljaskólanum í gærkvöldi og þegar rétt rúm mínúta var liðin af leiknum hafði kappinn komið Grindavík í 9-0 með þremur þristum í röð. „Ég hef oft gert þetta áður. Það eina sem ég hef áhuga á er að vinna þennan blessaða titil,“ sagði Páll Axel við Fréttablaðið en hann skoraði 21 stig í leiknum. Grindvíkingar voru miklu betri í fyrsta leikhlutanum en ÍR kom til baka í öðrum leikhluta og munurinn var aðeins fjögur stig í hálfleik, 42-38.

Páll Axel byrjaði síðari hálfleikinn líkt og þann fyrri og skoraði þá tvo þrista á rúmri mínútu. Um miðbik þriðja leikhlutans var Ómari Sævarssyni vikið af leikvelli eftir deilur við dómarana og Grindvíkingar náðu í kjölfarið tuttugu stiga forystu. Þrátt fyrir hetjulega baráttu heimamanna og klaufagang hjá gestunum, voru Grindvíkingarnir einfaldlega með of mörg vopn sem ÍR réði ekki við.

Hreggviður Magnússon hjá ÍR sagði sigur Grindvíkinga verðskuldaðan. „Það eru gríðarleg vonbrigði að tímabilið sé búið, en það má segja að betra liðið sé komið áfram í þessari seríu og ég mundi segja að Grindavík sé með beittasta sóknarliðið í dag. Þeir sýndu það í dag að þeir geta líka spilað vörn,“ sagði Hreggviður.

Páll Axel var þokkalega sáttur við leik sinna manna. „Ég var svolítið hræddur fyrir þennan leik af því ÍR-ingarnir eru góðir en við erum það líka. Við vorum kannski ekki góðir á köflum í dag en þetta hafðist. Við vorum aldrei neitt skelkaðir hérna í kvöld þó þeir næðu aðeins að minnka muninn. Við þurfum samt að gera betur ef við ætlum okkur einhverja hluti í úrslitakeppninni.“ **baldur@365.is**

## ÚRSLIT

### *Iceland Express deild karla:*

**ÍR - Grindavík 71-85**
Stig ÍR: Hreggviður Magnússon 17, Steinar Arason 16, Ómar Örn Sævarsson 14, Eiríkur Önundarson 12, Sveinbjörn Claessen 9, Ólafur Ingvarsson 3.
Stig Grindavíkur: Nick Bradford 21, Páll Axel Vilbergsson 21, Þorleifur Ólafsson 18, Arnar F. Jónsson 9, Brenton Birmingham 8, Páll Kristinsson 3, Helgi J. Guðfinsson 3, Guðlaugur Eyjólfsson 2.

**Stjarnan - Snæfell 99-79**
Stig Stjörnunnar: Justin Shouse 28, Jovan Zdravevski 25, Ólafur Sigurðsson 17, Fannar Helgason 11, Guðjón Lárusson 10, Birkir Guðlaugsson 3, Kjartan Kjartansson 2, Eyjólfur Jónsson 2.
Stig Snæfells: Jón Ólafur Jónsson 18, Hlynur Bæringsson 17, Lucious Wagner 16, Magni Hafsteinsson 10, Slobodan Subasic 8, Atli Hreinsson 5, Egill Egilsson 3, Sigurður Þorvaldsson 2.

### *Iceland Express deild kvk:*

**Keflavík-KR 62-71**
Stig Keflavíkur: TaKesha Watson 17, Birna Valgarðsdóttir 15, Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 11, Pálína Gunnlaugsdóttir 11, Bryndís Guðmundsdóttir 6, Rannveig Randversdóttir 2.
Stig KR: Hildur Sigurðardóttir 18, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 12, Sigfún S. Ámundadóttir 10, Guðrún Ámundad. 10, Helga Einarsd. 9, Heiðrún Kristmundsd. 6, Margrét Kara Sturlud. 6.

### *Enska úrvalsdeildin:*

West Ham - West Bromwich Albion 0-0

VERJUM OG SÆKJUM ÞANN RÉTT SEM VIÐ EIGUM

KOMDU
Í MORGUNKAFFI
Á STÓRHÖFÐANN
fimmtudaginn 19. mars
milli 9 og 11

Ef þú ert atvinnuleitandi líttu þá við
og spjallaðu við félagana.
Kannaðu hvað möguleikar eru í boði.
Hvaða tækifæri bjóðast í Rafiðnaðarskólanum,
Mími og Opna háskólanum?

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

VIÐ VINNUM FYRIR OKKAR FÉLAGA!

Rhein-Neckar Löwen fann mann fyrir Serdarusic:

# Ola Lindgren tekur við RN-Löwen

**HANDBOLTI** Jesper Nielsen og félagar hjá þýska félaginu Rhein-Neckar Löwen hafa fundið mann í stað Noka Serdarusic sem félagið rifti samningi við á dögunum. Ástæðan var vitneskja sem félagið hafði um þátt hans í meintu mútumáli.

Í hans stað réð félagið Svíann Ola Lindgren sem hefur verið þjálfari hjá Nordhorn undanfarin ár og náð þar fínum árangri. Lindgren er einnig landsliðsþjálfari Svía ásamt Staffan Olsson.

Jesper Nielsen hjá Löwen staðfesti við Fréttablaðið að félagið vilji verða skandinavískara. Þetta er augljóslega eitt merki um það og annað er að Ólafur Stefánsson gengur í raðir félagsins í sumar. Fyrir hjá félaginu er Guðjón Valur Sigurðsson.



**OLA LINDGREN** Mun stýra Guðjóni Val og Ólafi Stefánssyni næsta vetur. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Lindgren skrifaði undir þriggja ára samning við Löwen og gat ekki verið ánægðari. „Löwen er frábært félag sem ætlar sér stóra hluti. Það er verk að vinna að komast á toppinn en þangað ætlum við. Ég vil vinna titla með þessu félagi en veit að það verður ekki auðvelt,“ sagði Lindgren við heimasíðu félagsins.

Svíinn þekkir velgengni vel eftir farsælan feril með sænska landsliðinu sem vann nánast allt sem hægt var að vinna í áraraðir.

- hbg



**RAUTT** Wiley dómari biður hér Vidic um að yfirgefa svæðið. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Nemanja Vidic fékk sitt annað rauða spjald í vetur:

# Vidic í tveggja leikja bann

**FÓTBOLTI** Miðvörðurinn hjá Man. Utd, Nemanja Vidic, var í gær dæmdur í tveggja leikja bann í kjölfar þess að hann fékk beint rautt spjald í leiknum gegn Liverpool um helgina.

Alan Wiley dómari var ekki í nokkrum vafa er hann lyfti rauða spjaldinu að Serbanum sem hafði togað Steven Gerrard niður. Þar sem þetta er hans annað rauða spjald í vetur, hitt kom líka gegn Liverpool, fer Vidic í tveggja leikja bann. Hann mun missa af tveimur útileikjum gegn Fulham og Aston Villa.

- hbg



**HILLSBOROUGH-SLYSIÐ** Alls létust 96 manns í atburðinum hörmulega fyrir tæpum 20 árum. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Liverpool vill ekki spila á „Hillsborough-deginum“:

# Platini skilur Liverpool

**FÓTBOLTI** Liverpool hefur óskað eftir því að þurfa ekki að spila í átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu hinn 15. apríl. Þann dag verða liðin 20 ár frá Hillsborough-harmleiknum þegar 96 manns létu lífið á undanúrslitaleik Liverpool og Nottingham Forest í ensku bikarkeppninni.

Michel Platini, forseti UEFA, segist skilja sjónarmið Liverpool og ætlar að beita sér fyrir því að félagið muni ekki þurfa að spila þennan dag.

„Við munum gera allt sem við getum svo Liverpool þurfi ekki að spila þennan dag,“ sagði Platini. „Við höfum fullan skilning á því hvað þessi dagur er mikilvægur fyrir félagið og stuðningsmenn þess. Ég hef verið í reglulegu sambandi við forráðamenn Liverpool í nokkurn tíma vegna málsins og hef samúð með sjónarmiði félagsins. Sérstaklega þar sem það verða nú liðin 20 ár frá þessum sorglega degi.“

Dregið verður í átta liða úrslit Meistaradeildarinnar á föstudag.

- hbg




> **Benjamin Bratt**

„Stærsti kosturinn við það að vera leikari er fjölbreytileikinn og tækifærin sem maður fær til að upplifa eitthvað nýtt og öðruvísi.“ Bratt leikur William Banks í þættinum The Cleaner sem sýndur er á Skjáeinum í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON VORKENNIR (SUMUM)AUSTURRÍKISMÖNNUM

# *Réttað yfir skrímsli*

Fréttatímar sjónvarps eru sjaldnast upplífgandi en sumar fréttir eru svo einstaklega óhugnanlegar að þær eru eins og versta hryllingsmynd. Fréttin um Austurríkismanninn Joseph Fritzl skók heiminn fyrir ári þegar það uppgötvaðist að þessi aldraði fjölskyldufaðir hafði lokað dóttur sína í kjallaranum í 24 ár, eignast með henni sjö börn og þar af þrjú sem aldrei höfðu séð neitt utan veggja þessa hljóðeinangraða raka fangelsis. Um þessar mundir standa réttarhöld yfir mannskrímslinu Fritzl sem hefur sagt fyrir rétti að hann hafi fæðst til þess að verða nauðgari. Austurrísk lögregluyfirvöld skilja ekki enn þá hvernig Fritzl komst upp með svona hræðilega glæpi í rólegu hverfi þar sem enginn tók eftir neinu óvenjulegu. Ég get ímyndað mér að alveg sama hversu lengi þetta viðbjóðslega mál er rannsakað muni það aldrei verða útskýrt hvers vegna maðurinn framdi þessa glæpi. Bretar vilja gjarnan skella skuldinni á Adolf



Hitler: Hitler var Austurríkismaður, Austurríkismenn hjálpuðu til við helförina en þóttust vera saklausir af því eftir að heimsstyrjöldinni lauk. Einhvern veginn á þetta að hafa haft áhrif á barnið Joseph Fritzl sem ólst upp á stríðsárunum. Aumingja Austurríkismenn, sem voru nýbúnir að standa í öðru ógeðfelldu máli þegar stúlkan Natascha Kampusch slapp út úr átta ára stofufangelsi frá barnaperra sem hafði notað hana sem kynlífsþræl. Auðvitað er þetta ekkert nema skelfilega ömurleg tilviljun en fólk um allan heim byrjaði í raun og veru að halda að það væri eitthvað allt annað en tilviljun hér að baki og að Austurríkismenn hefðu ef til vill fleiri beinagrindur geymdar í skápnum. Nú mun umheimurinn halda áfram að fylgjast með austurríska skrímslinu í fréttum og spekúlera hvernig í ósköpunum slík mannvonska getur orðið til. Kannski er kominn tími til að trúa aftur á tilveru kölska?

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **19.05** Njarðvík – Keflavík, beint STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00** The Biggest Loser SKJÁREINN



▶ **20.00** Seinfeld STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.15** Mæðgurnar SJÓNVARPIÐ



▶ **20.25** How I Met Your Mother STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**15.30 Mótorsport 2008** (e)

**16.00 Fréttaaukinn** (e)

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Bjargvætturin** (21:26)

**17.55 Lítil prinsessa** (8:15)

**18.05 Þessir grallaraspóar** (4:10)

**18.10 Skólahreysti** (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

▶**20.15 Mæðgurnar** (Gilmore Girls VII) (17:22) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar. Aðalhlutverk: Lauren Graham og Alexis Bledel.

**21.00 Tákn vonar** Þáttur um unga heyrnarlausa konu, Treshiu, sem vinnur sem sjálfboðaliði og kennir í litlum leikskóla í norðurhluta Namibíu. Treshia er einstaklega heillandi persóna og býr yfir reisn þrátt fyrir margvíslegt mótlæti í lífnu.

**21.25 Viðtalið** Fjallað verður um leiðtogaþing norrænu ráðherranefndarinnar um hnattvæðingu í Bláa lóninu.

**22.00 Tíufréttir**

**22.20 Tvíeykið** (Dalziel & Pascoe V) (2:8) Syrpa úr breskri þáttaröð um rannsóknarlögreglumenn sem fá til úrlausnar æsispennandi sakamál. Aðalhlutverk leika Warren Clarke og Colin Buchanan.

**23.10 Hvarf** (Cape Wrath) (8:8) (e)

**00.00 Kastljós** (e)

**00.40 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.10 Ghost**

**08.15 Búi og Símon**

**10.00 Just Like Heaven**

**12.00 Everything You Want**

**14.00 Ghost**

**16.05 Búi og Símon**

**18.00 Just Like Heaven**

**20.00 Everything You Want** Rómantísk gamanmynd um unga konu sem á erfitt með að velja milli tveggja ólíkra manna.

**22.00 Half Nelson**

**00.00 Hostage**

**02.00 Hellraiser. Inferno**

**04.00 Half Nelson**

**06.00 The Addams Family**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Litla risaeðlan, Doddi litli og Eyrnastór, Könnuðurinn Dóra og Stóra teiknimyndastundin.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella** (274:300)

**10.15 Sisters** (7:28)

**11.05 Ghost Whisperer** (54:62)

**11.50 Numbers** (7:24)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (147:260)

**13.25 De-Lovely**

**15.30 Sjáðu**

**15.55 Tutenstein**

**16.20 Ben 10**

**16.43 Stuðboltastelpurnar**

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (7:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.35 The Simpsons** (4:21) Hómer finnur að greind hans eykst þegar rannsóknarmenn fjarlægja vaxlit sem var fastur við heilann í honum.

**20.00 Worst Week** (13:15) Gamanþættir sem fjalla um seinheppinn náunga sem upplifir verstu viku ævi sinnar þegar hann heimsækir tilvonandi tengdaforeldra sína til að tilkynna þeim að dóttir þeirra sé ólétt og að hann ætli að giftast henni.

▶**20.25 How I Met Your Mother** (10:20) Í þessari þriðju þáttaröð fáum við að kynnast enn betur vinunum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin og um leið komumst við nær sannleikanum um hvernig sögumaðurinn Ted kynnist móður barnanna sinna.

**20.50 Little Britain USA** (2:6)

**21.15 Bones** (2:26)

**22.00 Ashes to Ashes** (1:8)

**22.55 Auddi og Sveppi**

**23.25 Grey's Anatomy** (15:24)

**00.10 Stander**

**02.05 De-Lovely**

**04.10 Little Britain USA** (2:6)

**04.35 Worst Week** (13:15)

**04.55 Bones** (2:26)

**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Stjarnan - Snæfell** Útsending frá leik í Iceland Express deildinni í körfubolta.

**16.00 Stjarnan - Snæfell** Útsending frá leik í Iceland Express deildinni í körfubolta.

**17.30 Þýski handboltinn. Markaþáttur** Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handknattleikur á heimsmælikvarða.

**18.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Hver umferð skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.

**18.30 Atvinnumennirnir okkar** Hermann Hreiðarsson.

▶**19.05 Njarðvík - Keflavík** Bein útsending frá leik Njarðvíkur og Keflavíkur í Iceland Express deildinni í körfubolta.

**21.00 Arsenal - Hull** Útsending frá leik í ensku bikarkeppninni. Leikurinn er sýndur beint á Sport 3 kl 19.40.

**22.40 PGA Tour 2009 - Hápunktar** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.

**23.35 Njarðvík - Keflavík** Útsending frá leik í Iceland Express deildinni í körfubolta.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 West Ham - WBA** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**14.40 Hull - Newcastle** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**16.20 Man. Utd. - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**18.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**18.30 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.

**19.00 Chelsea - Man. City** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**20.40 Aston Villa - Tottenham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**22.20 Ensku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**23.15 Arsenal - Blackburn** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**07.20 Málefnið** (5:6) (e)

**08.00 Rachael Ray (e)**

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**12.00 Málefnið** (5:6) (e)

**12.40 Óstöðvandi tónlist**

**16.45 Vörutorg**

**17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.30 Spjallið með Sölva** (4:12) (e)

**19.30 Káta maskínan** (7:12) Menningarþáttur í umsjón Þorsteins J. Vilhjálmssonar.

▶**20.00 The Biggest Loser** (8:24) Bandarísk raunveruleikasería þar sem fitubollur berjast við bumbuna. Liðin yfirgefa æfingabúðirnar og njóta lífsins á Jamaíka en fitubollurnar komast fljótt að því að þær fá ekki bara að sóla sig og liggja í leti í fríinu.

**21.00 Nýtt útlit** (1:10) Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir venjulegu fólki nýtt útlit, allt frá förðun til fata.

**21.50 The Cleaner** (2:13) Vönduð þáttaröð með Benjamin Bratt í aðalhlutverki. Þættirnir eru byggðir á sannri sögu fyrrum dópista sem helgar líf sitt því að hjálpa fíklum að losna úr viðjum vanans. Móður grunar að unglingsdóttir sín noti dóp og leitar hjálpar hjá William Banks. Hann kemst fljótt að því að hún er komin á hættulega braut.

**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.30 CSI** (9:24) (e)

**00.20 Vörutorg**

**01.20 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Pólitískt hringborð um efnahagsmálin.

**21.00 Grasrótin** Guðfríður Lilja Grétarsdóttir viðrar skoðanir Vinstri grænna.

**21.30 Hugspretta** Nýsköpun í kreppunni í umsjón Stefaníu Sigurðardóttur og Andra Heiðars Kristinssonar.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



**Heiðursverðlaun - Jóhanna Kristjónsdóttir**

Jóhanna hefur um árabil kynnt menningu Mið-Austurlanda á Íslandi og með því lagt mikið af mörkum til að draga úr fordómum. Á sama tíma hefur hún staðið fyrir hjálparstarfi í Jemen sem meðal annars felst í því að gefa fátækum börnum kost á menntun sem þau annars ættu ekki möguleika á. Þannig hefur Jóhanna látið gott af sér leiða bæði hér heima og í Jemen.

# TIL HAMINGJU!

VINNINGSHAFAR SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2009

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.50
### Little Britain USA



Fyndnasta tvíeyki Bretlands, Matt Lucas og David Walliams, er mætt aftur og að þessu sinni ætla þeir að grínast í Bandaríkjunum. Þeir félagar gera óspart grín að öllu því sem okkur Evrópubúum þykir hvað hallærislegast í fari Kanans. Það sem meira er þá ganga þeir ennþá lengra en nokkru sinni fyrr í að ögra siðferðiskennd hinna allra þröngsýnustu og uppskera hverja drepfyndnu senuna á fætur annarri.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Nýtt útlit, NÝTT
### Skjáreinn kl. 21.00

Í kvöld hefst á Skjáeinum nýr þátt þar sem hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir venjulegu fólki nýtt útlit, allt frá förðun til fata. Karl er sérfræðingur á sínu sviði og hefur um árabil verið búsettur í London þar sem hann hefur unnið með fjölmörgum stórstjörnum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Pipar og salt
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** „Segið aldrei neinum frá neinu"
**15.03** Útvarpssagan: Sögur úr Síðunni
**15.30** Brad Mehldau tríóið leikur
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Bláar nótur í bland
**21.00** Í heyranda hljóði
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.18** Fimm fjórðu
**23.05** Gatan mín
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (146:260)
**16.30 Hollyoaks** (147:260)
**17.00 Seinfeld** (7:22)
**17.30 Ally McBeal** (16:24)
**18.15 The O.C.** (13:27)
**19.00 Hollyoaks** (146:260)
**19.30 Hollyoaks** (147:260)

▶**20.00 Seinfeld** (7:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góða vini sem eru álíka duttlungafullir og hann sjálfur.

**20.30 Ally McBeal** (16:24) Cage og Ling verja bókabúðareiganda sem varð gjaldþrota vegna þess að stjórnmálamaður hélt því fram að hann seldi klám í búðinni. Ally og Billy takast á við eftirskjálfta kossins.

**21.15 The O.C.** (13:27) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós. Með aðalhlutverk fara Rachel Bilson, Mischa Barton, Adam Brody, Benjamin McKenzie og Peter Gallagher.

**22.00 The Lost Room** (6:6) Joe Miller er lögreglumaður sem vinnur að morðrannsókn og finnur undarlegan lykil sem opnar honum allar dyr sem þó alltaf liggja að einu og sama mótelherberginu þar sem dulmagnaðir atburðir eiga sér sér stað. Með aðalhlutverk fara Peter Krause, Julianna Margulies og Kevin Pollack.

**22.45 Weeds** (3:15)
**23.15 Logi í beinni**
**00.00 Auddi og Sveppi**
**00.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.45** My Hero **13.15** The Weakest Link **14.00** EastEnders **14.30** My Hero **15.00** Blackadder II **15.30** The Weakest Link **16.15** Jonathan Creek **17.05** Dalziel and Pascoe **17.55** EastEnders **18.25** The Weakest Link **19.10** My Hero **19.40** Blackadder II **20.10** The Inspector Lynley Mysteries **21.00** Hustle **21.50** Blackadder II **22.20** My Hero **22.50** Hustle **23.40** Jonathan Creek **00.30** Dalziel and Pascoe

## DR 1

**12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Når mor og far drikker **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **14.30** X Factor **15.30** X Factor Afgørelsen **16.00** Agent Nørd **16.30** Lille Nørd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Ha' det godt **19.00** Hammerslag **19.30** Mission. Baby **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Inspector Morse **22.40** Dødens Detektiver

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Berlin, Berlin **12.30** Viten om **13.00** NRK nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** I sørhellinga **14.00** NRK nyheter **14.05** Par i hjerter **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Slipp naboene løs **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Dora utforskeren **17.25** Travelbymysteriene **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **18.55** Landeplage **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Brennpunkt **21.20** Extra-trekning **21.30** Bokprogrammet **22.00** Kveldsnytt **22.15** Blomster av stål **00.10** Mat i faresonen

## SVT 1

**12.05** Fråga doktorn **12.50** På en bänk i en park **14.30** Öga mot öga **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Packat & klart **16.25** Flyttlasset går **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Mästarnas mästare **20.00** Andra Avenyn **20.45** En fiende ibland oss **22.40** Kulturnyheterna **22.55** Sommer **23.55** Sändningar från SVT24



## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ef ég er ekki að hlusta á þögnina eða manninn minn æfa sig á píanóið, er það Rás 1 eða Bítlarnir."*

Sigrún Sól Ólafsdóttir, leikkona og leikstjóri.

# Gillz fitumælir fáklædda Sóleyju

„Ég bjóst ekki við að þetta myndi nokkurn tíma gerast. Að ég lenti í því að klípa í Sóleyju Tómasdóttur hálfnakta," segir Egill Einarsson líkamsræktarfrömuður sem ýmist gengur undir nöfnunum Gillzenegger eða Störe.

Sá sérstæði atburður átti sér stað í samkvæmi um helgina að leiðir Störe og Sóleyjar Tómasdóttur borgarfulltrúa og yfirlýsts femínista lágu saman… „og hún bara vippaði sér úr kjólnum og heimtaði fitumælingu. Stóð þarna hálfnakin fyrir framan Störe." Egill og femínistar hafa löngum eldað grátt silfur saman vegna bloggskrifa þess fyrrnefnda. Reyndar gekk það svo langt að hann var kærður af nokkrum þeirra en málið var látið niður falla.

Aðspurður segir Egill atvikið hafa lagst vel í sig en þetta var í einkasamkvæmi. „Var gríðarlega skemmtilegt og fór vel á með okkur. Hún var í sexí svörtum nærbuxum og brjóstahaldara. Victoria´s Secret eða eitthvað slíkt. Maður hefði haldið að svona grjótharður femínisti væri ekki að klæða sig eins og súpermódel en ég kunni að meta þetta. Kom á óvart. Hún var nefnilega mjög fitt. Og leit gríðarlega vel út," segir Störe og er enn hálf undrandi á að hafa lent í þessu – einkum eftir það sem á undan er gengið.

Þegar Fréttablaðið hafði samband við Sóleyju Tómasdóttur í gær sagðist hún ekki hafa nokkurn áhuga á að ræða þetta atvik í fjölmiðlum. **- jbg**



**SÓLEY** Vill ekki tjá sig um þetta einstæða atvik um helgina þegar Gillz fitumældi hana.

**STÖRE** Það kom honum í opna skjöldu að gallharður femínisti væri í undirfötum að hætti súpermódels.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** spil, **6.** skóli, **8.** mál, **9.** gras, **11.** kringum, **12.** fíflast, **14.** tæki, **16.** dreifa, **17.** farvegur, **18.** pota, **20.** ónefndur, **21.** alþjóðlegur samningur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ákefð, **3.** pot, **4.** tala, **5.** angan, **7.** tilgáta, **10.** fley, **13.** haf, **15.** höfðýr, **16.** pumpun, **19.** ólæti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** gosi, **6.** fg, **8.** tal, **9.** sef, **11.** um, **12.** atast, **14.** græja, **16.** sa, **17.** rás, **18.** ota, **20.** nn, **21.** gatt.
**LÓÐRÉTT:** **1.** ofsa, **3.** ot, **4.** sautján, **5.** ilm, **7.** getgáta, **10.** far, **13.** sær, **15.** asni, **16.** sog, **19.** at.


Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is




**HAFNAÐ Í ÞRÍGANG** Sigurður mátti horfa á eftir þremur keppendum á föstudagskvöldið þiggja sæti í Smáralindinni. Honum var hins vegar veitt tólfta og síðasta sætið í gærkvöldi.

SIGURÐUR M. ÞORBERGSSON: FÉKK TÓLFTA SÆTIÐ

# Siggi verður meðal keppenda í Smáralindinni

Sigurði M. Þorbergsyni var boðið að taka tólfta sætið í Idol-stjörnuleit Stöðvar 2 í gærkvöldi. Hann ákvað eftir smá umhugsunarfrest að taka því og verður því meðal keppenda í Smáralindinni þann 20.mars. Sigurður fór í gegnum mikla rússíbanareið á föstudagskvöldinu þegar honum var hafnað í þrígang. Sjónvarpsstjóri Stöðvar 2 segir þetta hafa verið bestu lausnina á mannlegum mistökum.

Sigurður var á báðum áttum um hvort hann ætti að þiggja sætið í samtali við Fréttablaðið. En um leið og sú ákvörðun hafði verið tekin var hann sjálfkrafa kominn í fjölmiðlabann, rétt eins og hinir keppendurnir tólf.

Óhætt er að segja að síðasti þáttur Idolsins hafi vakið mikla athygli. Að þessu sinni kepptu tíu strákar um fimm laus sæti í úrslitum Idolsins en fimm stúlkur voru komnar áfram. Og þegar kom að því að tilkynna úrslitin úr símakosningunni varð annar kynnir kvöldsins, Sigmar Vilhjálmsson, sambandslaus við upptökuverið. Fyrir mistök tilkynnti hann að Sigurður hefði verið kosinn áfram af áhorfendum heima í stofu. Þetta var leiðrétt í snatri af samstarfsfélaga Sigmars, Jóhannesi Ásbjörnssyni, og söngvarinn efnilegi varð að bíta í það súra epli að setjast aftur í sófann. Kvöldið var hins vegar ungt, því miður fyrir Sigurð. Því dómnefndin átti enn eftir að velja fimmta og síðasta keppandann. Þau Björn Jörundur, Jón Ólafs og Selma Björnsdóttir horfðu framhjá Sigurði og völdu Stefán Friðrik í hans stað. Gamanið var heldur betur tekið að kárna og átti eftir að versna til muna þegar Sigurður var kallaður upp á svið á nýjan leik. Í þetta sinnið kom hann til greina sem Wildcard-keppandi og stóð valið milli hans og Alexöndru Elfu Björnsdóttur. Viti menn, Alexandra var valin en Sigurður sat eftir með sárt ennið.

Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, segir þetta hafa verið ótrúlega leiðinlegt. Eftir þáttinn hafi allir aðstandendur þáttarins lagst undir feld og velt því fyrir sér hvernig væri hægt að bæta fyrir þessi mistök. „Þetta var lausnin sem við komumst að og ég held að hún sé sú besta í stöðunni. Nú er Sigurður upp á náð þjóðarinnar kominn og situr við sama borð og allir hinir." **-fgg**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Gunnar Karlsson** sem starfar í Caoz og hefur getið sér gott orð sem leikstjóri teiknimynda, til dæmis Litla lirfan ljóta, er nú að vinna að teiknimynd um þrumguðinn Þór. Land og synir, vefrit kvikmyndagerðarmanna, greinir frá því að nýverið hafi **Óskar Jónasson** verið ráðinn sem meðleikstjóri Gunnars en um er að ræða fyrstu teiknimynd Caoz í fullri lengd. Gert er ráð fyrir að myndin kosti rúman milljarð og áætlað er að frumsýnt verði á árinu 2011.



Til þess er tekið að Hafnfirðingar riðu ekki feitum hesti frá prófkjörshelginni miklu en "Kennedy" Sjálfstæðisflokksins, Bjarni Benediktsson lagði varaformanninn **Þorgerði Katrínu** og Árni Páll Árnason lagði sjálfan bæjarstjóra Hafnfirðinga, Lúðvík Geirsson í prófkjöri Samfylkingar. Klóra Hafnfirðingar sér nú í kolli og spyrja hvað hafi eiginlega gerst.



En sérkennilegasta prófkjörið er líklega fyrir norðan hjá Vinstri grænum en Pétur Gunnarsson upplýsti í Silfri Egils að Jón Bjarnason hefði einn frambjóðenda haft félagsskrána undir höndum. Hinum var haldið frá. Framkvæmdastjóri hreyfingarinnar, **Drífa Snædal**, þykir eiginlega hafa gert illt verra með að upplýsa að þar hafi ekki verið um nýjustu skrána að ræða heldur óuppfærða. **- jbg**


**Langar þig í spennandi námsár í Noregi?**
**Lýðháskólinn í Romerike**

Fremstur í sinni röð í leiklist, tónlist og leikhúshönnun. Enn eru laus pláss í leikmyndahönnun skólaárið 2009/10.

- Erum í næsta nágrenni við flugvöllinn í Oslo
- Skólinn byrjar 23 . ágúst 2009
- Þú verður að vera 18 ára
- Hægt er að sækja um skólastyrk til norden@norden.is

**Sjá heimasíðu skólans: www.romerike.fhs.no**
**Hafðu samband sem fyrst. Sími 004763970910, post@romerike.fhs.no**



vísir.is
„...ég sá það á vísi"




**SJÖ SPOR** Sauma þurfti sjö spor á höku og við aðra augabrún Lindu eftir að hún datt illa fram fyrir sig föstudaginn 13. mars.

# Datt illa föstudaginn 13.

„Það þurfti að sauma sjö spor á hökunni og við augabrúnina," segir Linda Ásgeirsdóttir leikkona sem varð fyrir því óhappi að detta illa fram fyrir sig föstudaginn 13. svo aflýsa þurfti tveimur sýningum á Skoppu og Skrítlu um helgina.

„Ég var að hlaupa út í bíl til að sækja manninn minn í vinnuna þegar ég steyptist fram fyrir mig. Þetta var algjör óheppni því það var hvorki hálka né sandur, en ég datt bara þegar ég var að hlaupa niður af gangstétt. Það voru einhverjir sjónarvottar sem hjálpuðu mér á fætur, en ég stóð bara upp, sagðist ætla að drífa mig upp á spítala og keyrði þangað með heilahristing," útskýrir Linda sem hélt þá að hún væri kinnbeinsbrotin og viðurkennir að sér hafi liðið hræðilega illa. „Læknirinn sá strax að ég var ekki brotin, svo ég ætlaði bara að klambra mér saman og fara að leika um kvöldið, en hann sagði mér að ég mætti ekki gera neitt í þrjá daga. Sem betur fer gat Þrúður Vilhjálmsdóttir komið inn í mitt hlutverk í Fló á skinni um kvöldið, en hún lék sama hlutverk fyrir norðan. Við þurftum hins vegar að fella niður tvær sýningar á Skoppu og Skrítlu um helgina," segir Linda.

„Það versta sem ég heyri er að mega ekki gera neitt, svo nú er ég að taka því rólega í fyrsta sinn í mörg ár. Ég er ágætlega hjátrúarfull og fékk núna alveg að finna fyrir föstudeginum 13., en þetta er að gróa vel svo vonandi get ég byrjað aftur að leika um næstu helgi," bætir hún við og brosir. **- ag**




mazda

## Vertu á tánum, fáðu þér notaðan sparneytinn Mazda

# Mazda endist og endist

Kauptu notaðan eða nýjan Mazda í dag. Mazda er þekktur fyrir firnagóða akstursseiginleika, viðbragðsgóðar og sparneytnar vélar og stílfágað sportlegt útlit. Komdu í Brimborg í dag og fáðu þér sparneytinn bíl sem endist og endist. Vertu Mazda.

## Komdu í Brimborg Bíldshöfða 8

Fjöldi annarra Mazda bíla í boði. Hringdu núna í síma 515 7000.

Mazda2 Advance.
1,3 bensín beinskiptur 5 dyra.
Númer OUV66. Skrd. 07/2008.
Ek. 780 km. **Sýningarbíll.**
Kostar nýr 2.790.000 kr.
**Tilboðsverð 2.290.000 kr.**
18% afsláttur/afföll.




Mazda3 Touring.
1,6 bensín beinskiptur 5 dyra.
Númer JF068. Skrd. 01/2006.
Ek. 39.000 km.
Ásett verð 1.890.000 kr.
**Tilboðsverð 1.680.000 kr.**
11% afsláttur.



Mazda3 Touring.
1,6 bensín beinskiptur 4 dyra.
Númer SS285. Skrd. 07/2007.
Ek. 43.000 km.
Ásett verð 2.240.000 kr.
**Tilboðsverð 1.990.000 kr.**
11% afsláttur.



Mazda6 Touring.
2,0 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Númer YA974. Skrd. 06/2006.
Ek. 39.000 km.
Ásett verð 2.390.000 kr.
**Tilboðsverð 1.990.000 kr.**
17% afsláttur.





Mazda6 Touring.
2,0 bensín sjálfskiptur station.
Númer MZ451.
Skrd. 04/2007.
Ek. 43.600 km.
Ásett verð 2.690.000 kr.
**Tilboðsverð 2.290.000 kr.**
15% afsláttur.



Mazda5 Touring.
2,0 bensín beinskiptur 7 manna.
Númer LY737. Skrd. 12/2005.
Ek. 47.000 km.
Ásett verð 2.290.000 kr.
**Tilboðsverð 2.060.000 kr.**
10% afsláttur.



Mazda3 Touring Plus.
1,6 bensín sjálfskiptur 4 dyra.
Númer NU784. Skrd. 06/2007.
Ek. 39.300 km.
Ásett verð 2.460.000 kr.
**Tilboðsverð 1.990.000 kr.**
19% afsláttur.



Mazda6 Touring.
2,0 bensín sjálfskiptur 4 dyra.
Númer MX591. Skrd. 07/2007.
Ek. 49.000 km.
Ásett verð 2.640.000 kr.
**Tilboðsverð 2.190.000 kr.**
17% afsláttur.




Mazda6 Advance.
2,0 bensín sjálfskiptur 4 dyra.
Númer HXP84.
**Óskráður sýningarbíll.**
Kostar nýr 4.440.000 kr.
**Tilboðsverð 3.900.000 kr.**
12% afsláttur.

## Öryggi er allra best

*Veldu nýjan eða notaðan bíl með fullkomnu öryggiskerfi:*

- Stöðugleikastýrikerfi DSC
- ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun
- Öryggispúði í mælaborði
- Öryggispúði í stýri
- Öryggispúðatjöld í hliðum
- Hliðarpúðar í framsætum
- Öryggisbeltaaðvaranir
- Öryggisbeltastrekkjarar

## Við erum á tánum fyrir þig í dag

*Veldu nýjan eða notaðan bíl með meiri þægindum:*

- Hiti í framsætum
- Hæðarstillanlegt stýri
- Hæðarstilling á ökumannssæti
- Fjarstýring í stýri fyrir hljómtæki
- Geislaspilari
- Loftkæling
- Fjarstýrð samlæsing




Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu notaðan bíl fyrir þig – farðu síðan á bgs.is og sannreyndu tilboð dagsins. Komdu í Brimborg í dag.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is | www.mazda.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



vísir.is
„…ég sá það á vísi“




**BAKÞANKAR**
Páls Baldvins Baldvinssonar

## Valdaskiptin staðfest

Kenning Svans Kristjánssonar, prófessors í stjórnmálafræði, um búsáhaldabyltinguna er athyglisverð. Hann hefur lýst því að mótmælendur á Austurvelli hafi knúið fram valdaskipti á Íslandi og kosningar fram undan séu í raun bara viðurkenning á gerðum hlut: „skríllinn“ eins og sumir talsmenn í Sjálfstæðisflokknum kölluðu mótmælendur, hafi náð fram í friðsamlegum mótmælum eftirtöldum stefnumiðum: ríkisstjórn fór frá, Alþingi var rofið, skipt um stjórn í Seðlabanka og Fjármálaeftirliti – og nú sé að rætast fimmta krafan um stjórnlagaþing.

**SVANUR** líkir mótmælendum á Austurvelli við frelsishreyfingar Austur-Evrópu – Sjálfstæðisflokkurinn er þá hinn stjarfi ríkisflokkur, „kommúnískur“ hagsmunagæsluflokkur með uppbelgda falska stefnu í bland við þjóðernisrembu – svokallaða „sjálfstæðisstefnuna“ sem þeir tala svo oft fjálglega um eins og þar fari viðurkennd evrópsk kenning í stjórnmálum. Svanur gengur lengra og fullyrðir að Hörður Torfason hafi fest nafn sitt í bækur sögunnar fyrir lýðræðisbaráttu sína.

**HINN** horski vestfirski fyrrum sjálfstæðismaður og prófessor hvetur flokkinn nú til djarfhuga ákvarðana og skorar á hann að gera Ragnheiði Elínu að formanni og þannig að leiða fram vilja grasrótarinnar sem vill sjá alvarlega stefnubreytingu flokksins. Þar skýtur hann langt frá markinu og er tekinn að ímynda sér kraftaverk hjá gamla íhaldinu sem víst mun kjósa Bjarna Benediktsson sem formann af eftirsjá og hreinni íhaldssemi – eins og hinn snari Garðbæingur eigi eitthvað sameiginlegt með nafna sínum annað en upphafsstafi og nafn. Enda er oft betra að skoða Flokkinn sem sekt eða trúarklíku en sem pólitíska hreyfingu.

**MASSINN** sem keyrði fram öll stefnumið sín á nokkrum dögum er undarlega þegjandalegur þessi dægrin, þótt stöðugt fjölgi atvinnulausum þá mættu þeir ekki í þúsundum á Austurvöll á laugardag. Þar hljómaði Pink Floyd – Bleik froða – yfir grasinu: We dont need no education. Þarf sárari reynslu en atvinnumissi til að fólk mæti á strætin og mótmæli friðsamlega?

**GÓÐAN DAG!**

Í dag er þriðjudagurinn 17. mars, 76. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.39 | 13.36 | 19.35 |
| Akureyri | 7.24 | 13.21 | 19.19 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


